

STÆRSTU FRAMKVÆMDIR ÍSLANDSSÖGUNNAR Á NÆSTA LEITI

Löngu tímabili hagvaxtar og stöðugleika lauk með gamalkunnugum hætti. Við sáum ekki fótum okkar forráð og laun hafa hækkað ár eftir ár umfram framleiðniþróun. Þrátt fyrir mikla kaupmáttaraukningu hafa heimilín eytt meira en þau hafa aflað og hafa safnað skuldum í góðærinu. Afleiðingarnar urðu viðskiptahalli og síðan gengisfall íslensku krónunnar. Sem betur fer tókst að hafa hemil á verðbólgunni í kjölfar þessara sviptinga og útflutningsgreinarnar virtust vera að ná sér á strik. Aukinn útflutningur og batnandi afkoma á síðasta ári gáfu tilefni til bjartsýni sem greinilega kom fram í könnun Samtaka iðnaðarins á ástandi og horfum sl. haust.

Gengi íslensku krónunnar var hins vegar ekki í neinu jafnvægi. Það hækkaði umtalsvert á ný á síðasta ári en telja má að það hafi, að meðaltali yfir árið, verið nálægt því sem vera þarf til þess að viðskipti okkar við önnur lönd séu í jafnvægi og afkoma útflutnings- og samkeppnisgreina sé viðunandi. Smám saman hefur samkeppnisstaða iðnaðar, sjávarútvegs og annarra samkeppnisgreina farið versnandi með hækkanði gengi krónunnar.

Ástand efnahagsmála er að mörgu leyti undarlegt og óvissu háð. Seðlabanki Íslands heldur vöxtum enn háum með það markmið sitt að leiðarljósi að halda verðbólgu í skefjum. Háir vextir ýta undir frekari hækkun íslensku krónunnar sem aftur þjarmar að afkomu samkeppnisgreina sem eru drifkrafturinn í efnahagslífi okkar. Framleiðslunni er rutt úr landi með sama hætti og gerst hefur í Noregi þar sem háir vextir og hátt gengi norsku krónunnar eru að rústa norskan iðnað um þessar mundir.



Vilmundur Jósefsson

„Seðlabanki Íslands heldur vöxtum enn háum með það markmið sitt að leiðarljósi að halda verðbólgu í skefjum. Háir vextir ýta undir frekari hækkun íslensku krónunnar sem aftur þjarmar að afkomu samkeppnisgreina sem eru drifkrafturinn í efnahagslífi okkar. Framleiðslunni er rutt úr landi með sama hætti og gerst hefur í Noregi þar sem háir vextir og hátt gengi norsku krónunnar eru að rústa norskan iðnað um þessar mundir.“

Á sama tíma boða opinberir aðilar aukin framlög til opinberra framkvæmda og flýta framkvæmdum sem mest má verða. Það þarf greinilega að stilla saman efnahagsstjórnina ef ekki á illa að fara. Hættan er sú að á byggingartíma virkjana og stóriðju verði háir vextir og hátt gengi íslensku krónunnar til þess að drepa niður landvinnslu á fiski, samkeppnisíðnað og ferðaþjónustu. Íslenskt atvinnulíf verður þá fábreyttara og frumstæðara eftir en áður, öllum til tjóns.

Það er mikill glímuskjálfti í þjóðfélaginu um þessar mundir. Alþingiskosningar og stærstu verklegar framkvæmdir Íslandssögunnar eru á næsta leiti. Í senn er vaxandi atvinnuleysi en um leið miklar væntingar um þensluskeið framundan. Efnahagsstjórn við þessar aðstæður er verulega vandmeðfarin í litlu hagkerfi okkar og með örsmáa og óstöðuga mynt. Eigi að vera nokkur von til þess að komast klakklaust í gegnum þá umbrotatíma, sem fram undan eru, ríður á að hér verði traust og samstillt efnahagsstjórn. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Ársskýrsla Samtaka iðnaðarins er nú með nokkuð öðru sniði en verið hefur. Að vanda er þó komið víða við og fjallað um helstu mál sem verið hafa á dagskrá á liðnu starfsári svo og starfsskilyrði íslensks iðnaðar. Sterk staða Samtakanna og jákvætt viðhorf félagsmanna til þeirrar þjónustu, sem Samtökin veita og til málflytninga okkar almennt, benda til að við séum að ná árangri í þessu starfi okkar.

Ég þakka félagsmönnum og starfsmönnum fyrir gott og traust samstarf á liðnu starfsári.



Stjórn SI árið 2002:

Neðri röð frá vinstri: Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Vilmundur Jónsson, formaður SI, Gæðafæði ehf., Hreinn Jakobsson, varaformaður SI, Skýrr hf.

Aftari röð frá vinstri: Sverrir D. Hauksson, Gutenberg hf., Halla Bogadóttir, Hjá Höllu Boga, Eiður Haraldsson, Háfell ehf., Theódór Blöndal, Varmaverk ehf., Hörður Arnarsson, Marel hf.

Á myndina vantar Baldur Guðnason, framkvæmdastjóra Mjallar.



Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík.

Sími 591 0100, fax 591 0101, www.si.is, e-mail mottaka@si.is

Hönnun og umbrot: Brynjar Ragnarsson og Þóra Ólafsdóttir •

Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir • Ljósmyndir bls. 32, Odd Stefán, bls. 4,7,15,24, Arnaraldur Halldórsson, bls. 13 Ragnar Axelsson •

Prentvinnsla: Prenttækni hf. •



Starfsskilyrði iðnaðar 4
Starfsemi Samtaka
iðnaðarins
Efnahagsmálin í brennidepli
Nýsköpun og þróunarmál

**Alþjóðlegir
samningar og samstarf 13**

**Öflug starfsemi aðildar-
félaga og starfsgreinahópa
innan SI 15**

Mannvirkjagerð og
byggingariðnaður
Matvælaiðnaður
Málmiðnaður
Prentiðnaður
Stóriðja
Upplýsingatækniðnaður
Þjónustuiðnaður
Veiðarfæraiðnaður

**SI öflugur bakhjarl í
síbreytilegu umhverfi 24**

Markaðs- og kynningarmál
Menntamál
Gæðamál og staðlar
Einkaleyfi og hugverk
Nýsköpun og þróun
Umhverfi og orka

**Fjölbreytt starfsemi í
nýju umhverfi 32**

Iðnþing
Borgartún 35
Skipurit
Útgáfu og upplýsinga-
starfsemi
Ráðgjafaráð SI
Nýir félagsmenn SI
Skrifstofa atvinnulífsins
á Norðurlandi

STARFSEMI SAMTAKA IÐNAÐARINS

Áherslur stjórnar og ráðgjafaráðs

Að venju tók ný stjórn stefnumál og verkefni SI til endurskoðunar skömmu eftir Iðnhing 2002 í samvinnu við ráðgjafaráðið. Tilgangurinn er að hafa ávallt skýrar línur í starfinu til þess að vinna félagsmönnum og iðnaðinum í landinu sem mest og best gagn. Hér verður stiklað á þeim mál-efnum sem mikilvægust þóttu:

Aðild að ESB - evra í stað krónu

Sem fyrr eru það Evrópumálin sem menn vilja setja á oddinn. Það er skýr stefna og vilji fyrir að SI vinni að því að Ísland gangi í ESB og taki í framhaldi af því upp evru í stað krónu. Mikil áhersla er lögð á að SI stuðli að málefnalegum umræðum og komi upplýsingum á framfæri til þess að vinna málinu framgang. Afstaða SI til aðildar að ESB byggist fyrst og fremst á efnahagslegum rökum sem benda til þess að vaxtarmöguleikum og samkeppnishæfni íslensks iðnaðar og raunar atvinnulífsins alls, og þar með lífskjörum, sé betur borgið innan ESB en utan.



Sveinn Hannesson

„Afstaða SI til aðildar að ESB byggist fyrst og fremst á efnahagslegum rökum sem benda til þess að vaxtarmöguleikum og samkeppnishæfni íslensks iðnaðar og raunar atvinnulífsins alls, og þar með lífskjörum, sé betur borgið innan ESB en utan.“

Öflugur iðnaður

Starfsskilyrði íslensks iðnaðar verða að jafnast á við það sem best gerist í helstu samkeppnislöndum. Hafa þarf á takteinum upplýsingar um rekstrarskilyrði í öðrum löndum s.s um laga- og reglumhverfi, vexti, vaxtamun, launaþróun, verðbólgu, framleiðni, hráefnis-kostnað og skatta til að veita stjórnvöldum og stjórnendum í iðnaði virkt aðhald og hvatningu til úrbóta þar sem hallar á íslenskan iðnað.

Vinna þarf markvisst að því að auka framleiðni iðnaðarins með hagnýtingu bestu fánlegra aðferða og samanburði við þau ríki ríki sem bestum árangri hafa náð á þessu sviði. Nauðsyn er að auka þekkingu stjórnenda og virkja starfsmenn innan fyrirtækj-anna til að ná betri árangri. Mikilvægt er að vinna markvisst að því að fá erlend hátæknifyrirtæki til að hefja starfsemi hételendis til að skapa aukinn hagvöxt, styrkja íslensk fyrirtæki sem fyrir eru og auka atvinnutækifæri menntaðs fólks.

Gæta þarf þess að samkeppnisreglur komi ekki að óþörfu í veg fyrir samvinnu og sameiningu fyrirtækja en samtímis gætt að því að setja markaðsráðandi fyrirtækjum skýrar leikreglur.

Menntun í brennidepli

Vel menntað fólk með verkfræði-, tæknifræði og iðnmenntun er ein af grundvallarforsendum þess að iðnaðurinn blómstri. Yfirvöld menntamála, skólar og Samtök iðnaðarins eiga að taka höndum saman til efla þessa menntun og gera eftirsóttá fyrir ungt fólk samtímis því að kynna þá möguleika sem eru til fjölbreyttra starfa í iðnaði fyrir vel menntað fólk.

Leggja ber áherslu á að góð menntun og fagmennska eru tryggingarsælla viðskipta og auka þannig virðingu og gildi þeirrar menntunar sem býr að baki löggiltra starfsheita og starfsréttinda.

Öflugt kynningarstarf

Gera þarf iðnaðinn sýnilegan og kynna með skýrum hætti fjölbreytni hans og gildi í þjóðabúskapnum. Nota á sýningar, prent- og vefmiðla til að koma á framfæri upplýsingum til stjórnvalda og almennings, ekki síst skólafólks. Samtök iðnaðarins halda áfram að leggja metnað sinn í vandaðan og traustan málflutning í stóru sem smáu.

Arðsemi ráði framkvæmdum

Framkvæmdir á vegum opinberra aðila eiga að taka mið af arðsemi og gera á arðsemismat áður en ráðist er í framkvæmdir. Arðsemismat framkvæmda á að vera opinbert og ráða röð framkvæmda.

Mikilvæg mál

Verkefni Samtakanna eru fjölmörg. Sum leysast fljótt og vel, önnur taka lengri tíma og enn önnur eru nánast eilífðarmál. Hér verður nánast af handahófi dregið á örfá mál sem hafa verið á borðum Samtaka iðnaðarins árið 2002.

Hafnamál

Samgönguráðherra hefur enn ekki lagt fram frumvarp til laga á Alþingi um breytingu á hafnalögum þrátt fyrir ábendingar Samkeppnisstofnunar í

„Samtök iðnaðarins telja málið alvarlegt vegna grundvallarsjónarmiða um það hvort erlend stórfyrirtæki geti selt hingað brot af framleiðslu sinni á verði sem dugar vart fyrir breytilegum kostnaði og er undir verði á heimamarkaði þeirra.“

kjölfar kæru Samtaka iðnaðarins árið 1998 og tillögur nefndar sem skilaði ráðherranum tillögur sínar um breytt hafnalög í lok ársins 2000. Samtök iðnaðarins hafa ítrekað rekið á eftir málinu án árangurs. Það er umhugsunarefni að stjórnvöld skuli geta leyft sér að viðhalda ólögum svo árum skiptir þvert á ábendingar Samkeppnisstofnunar.

Samskipti á neyslsvörumarkaði

Samtök iðnaðarins hafa í mörg ár reynt að fá samkeppnisfyrivöld til þess að hafa virkt eftirlit með markaðsráðandi fyrirtækjum á neyslsvörumarkaði. Skref í þá átt var stigið þegar Samkeppnisstofnun gaf út leiðbeinandi reglur um viðskipti birgja og matvöruverslana í lok ársins.

Í reglunum er m.a. kveðið á um að viðskiptasamningar skuli vera skriflegir og hafa ákvæði um gildistíma og uppsögn, röðun í hillur og fleira. Vonast er til að markaðsráðandi fyrirtæki virði reglurnar. Almennt má fullyrða að samskipti aðila hafi farið batnandi síðustu misseri. Reglurnar er hægt að nálgast á vefsetri Samkeppnisstofnunar www.samkeppni.is

Málefni

Sementsverksmiðjunnar

Sementsverksmiðjan hf. á í harðri samkeppni við innflutt sement frá Danmörku og hafa kærúmal gengið á víxl án endanlegrar niðurstöðu. Samtök iðnaðarins telja málið alvarlegt vegna grundvallarsjónarmiða um það hvort erlend stórfyrirtæki geti selt hingað brot af framleiðslu sinni á verði sem dugar vart fyrir breytilegum kostnaði og er undir verði á heima-markaði þeirra. Verði þetta almennt viðurkennt er hætt við að mörg svið íslensks atvinnulífs verði auðveld bráð slíkra viðskiptahátta. Þá er aðstaðan í tilviki Sementsverksmiðjunnar mjög sérstök. Hún er eini framleiðandinn og ráðandi viðskiptavinir örfáir. Staðan er því sú að nái innflytjandinn tiltekinni hlutdeild í skjóli þessara viðskiptahátta mun Sementsverksmiðjan óhjákvæmilega neyðast til að hætta starfsemi og þar með mun innflytjandinn ná 100% markaðshlutdeild í einu veffangi. Það getur varla verið æskileg niðurstaða.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs er mjög mikilvæg fyrir þróun atvinnulífsins. Samtök iðnaðarins hafa ávallt látið sig málefni hans miklu varða enda má segja að sjóðurinn eigi að verulegu leyti rætur að rekja til fjárframlaga iðnaðarins á sínum tíma til uppbyggingar Iðnlánasjóðs en hann var einn þeirra sjóða sem NSA er reistur á.

Hlutverk sjóðs eins og NSA er aldrei mikilvægara en þegar niðursveifla er í efnahagslífinu og skortur á fjármagni til að halda nýsköpunarstarfi gangandi og veita góðum hugmyndum

brautargengi. NSA hefur, ekki frekar en aðrar fjármálastofnanir, farið varhluta af niðursveiflunni 2001 og 2002. Samtök iðnaðarins hafa hvatt til og unnið að því að NSA verði gert kleift að sinna hlutverki sínu af fullum krafti en það verður ekki gert nema hann fái aukið fé til ráðstöfunar. Þá þarf að huga að því að NSA verði gert auðveldara að koma að innlendum verkefnum en nú er vegna samkeppnis-sjónarmiða.

Tryggingardeild útflutnings

Að frumkvæði Samtaka iðnaðarins var ákvæðum laga um Tryggingardeild útflutningslána breytt í veigamiklum atriðum. Framvegis heitir deildin Tryggingardeild útflutnings og er hlutverk hennar að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar sjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis. Með þessum breytingum er vonast til að íslensk fyrirtæki, sem selja vörur og þjónustu, njóti sambærilegrar aðstoðar við að tryggja viðskiptin og tíðkast í helstu samkeppnislöndum okkar og muni þar af leiðandi standa betur að vígi í samkeppni erlendis. Tryggingardeildin mun starfa í nánú sambandi við banka og tryggingafélög fyrirtækjanna sem í hlut eiga.

Vöruþróunar- og markaðsdeild

Samtök iðnaðarins eiga tvo fulltrúa í þriggja manna stjórn. Megináherslan liggur í þátttöku í áhættu til móts við Stofnsjóð og mati á umsóknum. Deildin leggur þó einnig fram mótframlög til mikilvægra stuðnings verkefna sem nýtast breiðum hópi fyrirtækja.

Útflutningsráð

Málefni Útflutningsráðs hafa löngum verið til umfjöllunar hjá SI enda hafa Samtökin lagt áherslu á mikilvægi starfsemi af því tagi. Í lok síðasta árs voru gerðar breytingar á lögunum sem

taka m.a. hliðsjón af því að utanríkisráðuneytið hefur eflt mjög starfsemi sína á þessu sviði með VUR.

Það er skoðun SI að stefna beri að því að sameinast um einn vettvang í nánnum tengslum við utanríkisráðuneytið sem verði í meirihlutastjórn atvinnulífsins. Það er of dýrt og flókið að reka tvær hliðstæðar stofnanir sem eiga að sinna nánast sömu verkefnum. Vonir standa til að með nýjum lögum verði aukin samvinna ÚÍ og VUR og verkaskipting skýrari en verið hefur.

Í fremstu röð

Enn sem fyrr eru mörg íslensk fyrirtæki í fremstu röð í Evrópu. Dæmi um þetta er listi Europe's 500 sem birtur var árið 2002 yfir þau fyrirtæki sem hafa vaxið hraðast undan-gengin ár. Átta íslensk fyrirtæki voru valin á listann og hafa þau aldrei verið fleiri. Það er frábær árangur. Fjögur fyrirtækjanna eru úr röðum Samtaka

iðnaðarins; TölvuMyndir hf., Össur hf., Delta hf. og Teymi hf. Hin eru Bakkavör hf., Baugur hf., Opin kerfi hf. og Íslensk erfðagreining hf. Árangur Bakkavarar hf. er sérlega glæsilegur en það er skráð í annað sæti listans og sömuleiðis TölvuMynda hf. sem er fjórða árið í röð á listanum.

Flutningskostnaður á landsbyggðinni

Þegar stjórn SI var á ferð á Akureyri í lok október 2001 kom fram á fundum með félagsmönnum þar að hár flutningskostnaður væri eitt af því sem háði fyrirtækjum á landsbyggðinni einna mest og hefði hann snarhækkað hin síðari ár. Í framhaldi af þessu beittu SI sér fyrir fundum með stjórnvöldum og flutningafyrirtækjum. Það leiddi það til þess að ríkisstjórnin fól samgönguráðherra að stofna nefnd til að fjalla um málið. Henni var falið að vinna verkið í tveimur áföngum. Í fyrsta lagi að gera greinargott yfirlit yfir flutningskostnað fyrirtækja um þessar mundir og hvernig hann hefði þróast undanfarin ár. Í öðru lagi að fjalla almennt um leiðir til að lækka flutningskostnað og athuga hvort aðgerðir stjórnvalda hefðu stuðlað að ójöfnuði í samkeppni hinna ólíku flutningafyrirtækja. Að lokum var gert ráð fyrir að nefndin kæmi sérstaklega fram með tillögu um aðgerðir sem stuðla að sem mestri samkeppni og lágum flutningskostnaði á landsbyggðinni. Nefndin skilar álit í upphafi árs 2003.

Samráð við iðnaðarráðuneytið

Sú hefð hefur skapast hin síðari ár að haldnir eru reglulegir samráðfundir með iðnaðarráðherra og helstu embættismönnum hans. Þar gefst mjög gott tækifæri til þess að fara yfir þau mál sem helst eru á döfinni og jafnframt að finna sameiginlegar lausnir á vanda sem við blasir. Það er mat Samtaka iðnaðarins að fundir þessir hafi sannað að hreinskiptin samskipti atvinnulífs og stjórnvalda skili miklum árangri.

„...stefna beri að því að sameinast um einn vettvang í nánnum tengslum við utanríkisráðuneytið sem verði í meirihlutastjórn atvinnulífsins. Það er of dýrt og flókið að reka tvær hliðstæðar stofnanir sem eiga að sinna nánast sömu verkefnum.“

EFNAHAGSMÁLIN Í BRENNIDEPLI

Öflugur útflutningur forsenda betri lífskjara

Á árinu var fjallað um starfsskilyrði iðnaðar frá ýmsum sjónarhornum. Rætt var um erfiðleika samkeppnisiðnaðar á Íslandi á tímum hnattvæðingar. Í nútíma hagkerfi eru það öflugar og fjölbreyttar útflutningsgreinar sem leggja grunninn að stöðugum hagvexti og varanlega bættum lífskjörum. Í skýrslu, sem unnin var í samvinnu við Iðntæknistofnun, kemur fram að framleiðniþróun í iðnaði hefur ekki staðist alþjóðlegan samanburð. Líklegar orsakir eru nokkrar en sumar þeirra eins og smæð heimamarkaðarins og lega landsins, verður ekki ráðið við. Aðrar orsakir, sem hafa má áhrif á, tengjast starfsskilyrðum iðnaðar.

Sveiflukennt raun- gengi helsti vandi samkeppnisgreina

Fjallað var um sveiflukennt og hátt raungengi sem eitt erfiðasta starfsskilyrðamál iðnaðar. Það veldur fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni erfiðleikum að markaðshlutdeild og afkoma þeirra getur ráðist af sveiflu í genginu. Í þeirri stöðu stendur valið um að verja sig með ærnum tilkostnaði eða flytja starfsemina úr landi. Lækkun skatta á fyrirtæki árið 2002 vegur nokkuð á móti þessu óhagræði. Þá var varað við að lágt raungengi árið 2001 gæti reynst skammvinnu. Það gekk eftir og raungengið hækkaði aftur á árinu. Ástæðurnar voru mikill vaxtamunur og væntingar um aukið innflæði fjármagns.



Þorsteinn Þorgeirsson

„Rannsóknir hafa sýnt fram á að sameiginleg mynt, eins og evran, greiðir götu erlends áhættufjármagns inn í atvinnulífið sem hefur áhrif á fjárfestingu og eykur útflutning á myntsvæðinu og utan þess.“

Hátt raunvaxtastig ekki í samræmi við slakt efnahagsástand

Ítrekað var fjallað um hátt raunvaxtastig og hve seint Seðlabankinn hefur lækkað vexti í kjölfar samdráttar í efnahagslífinu. Stjórn SI ályktaði sérstaklega um þann vanda sem stjórn peningamála skapaði atvinnustarfsemi með því að halda raunvaxtastigi of háu. Tekið var fram að of snemmt væri að taka tillit til áhrifa væntanlegra stóriðjuframkvæmda vegna óvissu tengdri þeim framkvæmdum og þess

að þær koma ekki inn af fullum þunga fyrir en eftir nokkur ár.

Evra og ESB aðild helsta starfsskilyrðamál iðnaðar

Stjórn SI mótaði þá stefnu, í samráði við Ráðgjafaráð og formenn aðildarféлага, að SI beittu sér fyrir umfjöllun um efnahagsleg áhrif ESB aðildar og upptöku evrunnar en brott-hvarf krónunnar er eitt helsta baráttumál iðnaðarins. Um mitt árið birti SI skýrslu sem lagði mat á heildarávinn-inginn af aðild og upptöku evru. Rannsóknir hafa sýnt fram á að sameiginleg mynt, eins og evran, greiðir götu erlends áhættufjármagns inn í atvinnulífið sem hefur áhrif á fjárfestingu og eykur útflutning á myntsvæðinu og utan þess. Þá bætir sameiginleg mynt alþjóðlega samkeppnisstöðu fyrirtækja og hvetur til meiri samkeppni en hvort tveggja stuðlar að aukinni framleiðni sem er undirstaða betur launaðra starfa og batnandi lífskjara. Skýrslan tók tillit til áhrifa evrunnar og ESB aðildar á starfsemi á fjármagns-, vöru-, þjónustu- og vinnu-mörkuðum. Áætlað er að kostnaður þjóðarbúsins lækki um 44 milljarða króna vegna aukinnar samkeppni á mörkuðum, lægri tolla og meiri rekstrarhagkvæmni. Sú kostnaðarlækku- un verður fyrirtækjum og neytendum til hagsbóta. Það sem meira máli skipt- ir er að ESB aðild og evran yrðu lík- lega til þess að hagvöxtur ykist um 0,3 til 0,5% á ári en það jafngildir um 50-80 milljarða króna aukningu í lands- framleiðslu á tveimur áratugum. Sú niðurstaða er í samræmi við reynslu

MYND 1

Þjóðhagsfirlit 2000 - 2003 (magnbreyting frá fyrra ári, %)

	2000	2001	2002*	2003*
Einkaneysla	4	-3	-1,8	1,5
Samneysla	3,7	3,2	2,2	3,8
Fjármunamyndun	14,8	-4,4	-16,1	20,7
Þjóðarútgjöld, alls	6,7	-3	-3,8	5,4
Útflutningur vöru og þjónustu	5	7,8	4,9	0,3
Innflutningur vöru og þjónustu	8	-9	-2,8	6,3
Verg landsframleiðsla	5,5	3,6	-0,9	3,3
Annað:				
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-10,3	-4,3	-1,4	-3,9
Skráð atvinnuleysi, % af mannafla	2,3	2,3	1,8	3,0
Vísitala neysluverðs, % breyting	5	6,7	4,8	1,5
Stýrivextir, %	10,4	10,9	8,4	5,6

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og Fjármálaráðuneyti *) áætlun og spá SI

margra ESB ríkja að framleiðslugeta og útflutningur þeirra hefur aukist eftir aðild að ESB og Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Þá voru bein aðildargjöld tekin inn í áætlun um heildarávinninginn.


Kannanir á stöðu og horfum í iðnaði

Tvær kannanir á stöðu og horfum í iðnaði voru gerðar í febrúar og október meðal 85 stórra og meðalstórra iðnfyrirtækja. Þar komu fram áhyggjur af þróun efnahagslífsins á árinu. Mat þeirra á veltu, fjárfestingu og mannahaldi fór nærri hagtölunum sem birtust þegar liða tók á árið. Niðursveifla í innlendri eftirspurn varð veruleg á árinu og iðnfyrirtækin fóru ekki varhluta af þeirri þróun. Í október voru fyrirtækin almennt farin að gera ráð fyrir bjartari tíð á komandi ári. Síðan þá hefur gengi krónunnar hins vegar haldið áfram að styrkjast og raunvaxtastigið haldist hátt. Þar með hefur slegið í bakseglin og atvinnuleysi aukist hratt.

Þróun efnahagslífs og iðnaðar

Tíu ára samfelldu hagvaxtartímabili í íslensku efnahagslífi lauk árið 2002 eftir mikið gengisfall og langvarandi hátt vaxtastig. Innlend eftirspurn byrjaði að dragast saman árið 2001 en hagvöxtur hélst jákvæður vegna kröftugs viðsnúnings í erlendum viðskiptum. Árið 2002 versnaði samkeppnisstaða þjóðarbúsins þegar gengi krónunnar tók að styrkjast og laun og

MYND 2



verðlag hækkuðu. Við það tók að hægja á batanum í erlendum viðskiptum. Raunvextir héldust háir þar sem Seðlabankinn lækkaði vexti minna og hagar en minnkandi verðbólguvæntingar gáfu tilefni til. Samdráttur í fjárfestingu og einkaneyslu ágerðist því og hagvöxtur varð neikvæður.

Mikill samdráttur í innlendri eftirspurn


Mynd 1 sýnir að samdráttur í þjóðarútgjöldum undanfarin tvö ár var um 7%. Eftir gengislækkun krónunnar árið 2001 leiddi samdráttur í innlendri eftirspurn til þess að innflutningur dróst hratt saman. Sambærileg aukning útflutningsverðmætis varð síðan til þess að viðsnúningurinn í erlendum viðskiptum varð það mikill að landsframleiðslan jókst um 3,6% þrátt fyrir samdrátt þjóðarútgjalda. Þótt margir hafi álitid þetta merki um þenslu lentu fyrirtæki á innlendum markaði í verulegum samdrætti. Árið 2002 ágerðist samdrátturinn í innlendri eftirspurn þegar fyrirtæki, sem goldið höfðu afhroð vegna hækkunar erlendra lána, slógu fjárfestingum á frest. Þegar gengi krónunnar tók að hækka á ný urðu lánin léttbærari. Samdrátturinn innanlands hélt þó áfram og hafði úrslitaáhrif á að innflutningur hélt áfram að dragast saman á árinu en í minna mæli en árið 2001. Verri samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja hægði á útflutningi samkeppnisgreina á síðari hluta ársins. Aukinn afli og hækkun sjávarafurðaverða leiddi til þess að útflutningur jókst þokkalega á árinu en á móti dró

hátt gengi úr hagnaði útgerða. Viðskiptahallinn minnkaði en ekki nægilega mikið til að vega upp á móti meiri samdrætti þjóðarútgjalda. Fyrir vikið dróst landsframleiðslan saman um nálega 1% árið 2002.

Skuldsetning og atvinnuleysi hafa aukist

Helsta ástæðan fyrir því að einkaneysla og fjárfesting byrjuðu að dragast hratt saman árið 2001 var sú að skuldsetning þjóðarbúsins hefur farið vaxandi undanfarna áratugi og jókst mikið í uppsveiflunni. Skuldir heimilanna, sem námu 70% af landsframleiðslunni árið 1995, hækkuðu í 95% árið 2002. Raunvextir verðtryggðra lána héldust háir þrátt fyrir vaxtalækkunir Seðlabankans. Verðbólguáhrif ársins 2001 hafði jafnframt þau áhrif að skuldabyrði heimila með verðtryggð lán þyngdist. Höfuðstóll lánanna og verðbótaþáttur afborgana hækkuðu. Aðrir þættir höfðu áhrif á að einkaneyslan hélt áfram að dragast saman (sjá mynd 2). Atvinnuleysi tók að aukast á árinu og að sama skapi varð lát á kaupmáttaraukningunni. Þá var nokkur óvissa um stóriðjuáform. Allt þetta dró úr neyslu og fjárfestingu heimilanna. Rýmri útlánareglur Íbúðalánasjóðs frá haustmánuðum 2001 urðu til þess að fasteignaviðskipti voru lífleg og verð hélst hátt en um leið ýtti það undir frekari skuldsetningu. Líklegt er að vaxandi skuldabyrði heimila hafi haft ruðningsáhrif á einkaneyslu og útskýri að hluta samdráttinn í innlendri eftirspurn. Kaupmáttur tók

MYND 3



að aukast á síðari helmingi ársins þegar verðbólgan minnkaði. Þótt launaskrið hafi minnkað á árinu voru launahækkunar talsverðar. Þetta gerði fyrirtækjum í samkeppnisgreinum erfiðara fyrir þar sem framleiðni minnkar venjulega í samdrætti. Mörg þeirra urðu að grípa til uppsagna til að komast hjá tapi.


Óstöðugar forsendur hagvaxtar

Það sem er einkennir íslensku viðskiptasveifluna er mjög breytilegt framlag innlendra og erlendra eftirspurnarþátta til hagvaxtar sem tengist að miklu leyti sveiflukennu gengi krónunnar og miklum kostnaði vegna hennar. Eins og mynd 3 sýnir jókst innlend eftirspurn vel umfram tekjur í uppsveiflunni og viðskiptahallinn þar með. Þjóðin tók erlend lán til að fjármagna neyslu og fjárfestingu umfram tekjur. Hækkandi gengi krónunnar til apríl 2000 ýtti undir innflutning en hamlaði gegn útflutningi. Gengisfall krónunnar sneri þróuninni við og samdráttur varð í innlendra eftirspurn og þjóðin snarminnkaði erlendar lántökur. Meira var flutt út en inn. En erlenda skuldabyrðin var það mikil að vaxtagreiðslur af erlendum lánunum réðu baggamun með áframhaldandi viðskiptahalla. Með háu gengi íslensku krónunnar er hætt við að ferlið endurtaki sig og erlendar skuldir þjóðarbúsins aukist á ný. Innstreymi erlendis áhættufjármagns vegna fyrirhugaðra álversframkvæmda leiðir hins vegar ekki til meiri skulda en setur frekari þrýsting á gengi krónunnar. Ef erlent

vinnuafli vinnur við framkvæmdirnar léttir það á spennunni sem myndast í hagkerfinu meðan á framkvæmdum stendur. Ávinningurinn af þessum framkvæmdum er sá að útflutningstekjur í framtíðinni gera meira en að greiða fyrir lánin. Það mun bæta lífskjörin í landinu þegar fram í sækir. Vonandi bregst þjóðarbúið öðruvísi við þeim búhnykk sem er á leiðinni en þeim sem kom í lok síðasta áratugar. Þá jókst einkaneysla mikið og skuldir hlóðust upp. Það væri hagkvæmara ef landsmenn ykju sparnað og fjárfestingu á komandi árum. Ávinningurinn yrði minni skuldabyrði og fleiri gætu

„Vonandi bregst þjóðarbúið öðruvísi við þeim búhnykk sem er á leiðinni en þeim sem kom í lok síðasta áratugar. Þá jókst einkaneysla mikið og skuldir hlóðust upp. Það væri hagkvæmara ef landsmenn ykju sparnað og fjárfestingu á komandi árum. Ávinningurinn yrði minni skuldabyrði og fleiri gætu nýtt sér háa ávöxtunarkröfu á peningamarkaði.“

MYND 4



nýtt sér háa ávöxtunarkröfu á peningamarkaði.


Horfur á ríflegum hagvexti árið 2003

Þjóðhagsspáin í töflunni hér að ofan endurspeglar áform um mjög aukna fjármunamyndun og samneyslu árið 2003. Það mun jafnframt stuðla að því að einkaneyslan tekur við sér á ný. Þjóðarútgjöld aukast því líklega um 5%. Ef krónan helst sterk og samkeppnisstaðan slæm leiðir það til aukins viðskiptahalla sem dregur úr hagvexti. Líklega verður hagvöxtur um 3% á árinu. Slíkum hagvexti fylgir nokkur atvinnusköpun og er viðbúið að atvinnuleysi verði um 3% af mannafla á árinu. Fyrirhugaðar auknar opinberar framkvæmdir gætu hér breytt myndinni en hætt er við að þær skili sér varla að ráði fyrir en árið 2004.

Peningalegt aðhald er mikið á Íslandi

Í alþjóðlegu og efnahagslegu samhengi eru vextir enn háir á Íslandi. Þótt stýrivextir hafi verið lækkaðir mikið, úr 11,4% í apríl 2001 í 5,3% í febrúar 2003, er peningalegt aðhald enn of mikið á Íslandi. Áhrif hárra vaxta eru tvíþætt. Annars vegar draga þeir úr innlendra eftirspurn. Það er gjarnan mælt með raunvaxtastiginu sem enn er allhátt (sjá mynd 4). Hins vegar leiðir það ídulega til þess að gengi gjaldmiðilsins hækkar þegar innlendir vextir eru hærri en erlendir. Vaxtamunurinn við útlönd er enn mikill. Meðan væntingar um aukið inn-

MYND 5



flæði fjármagns vegna stóriðjuframkvæmda hafa áhrif á væntingar um frekari styrkingu krónunnar er eina ráðið að minnka vaxtamuninn með lækkun stýrivaxta. Hátt raungengi krónunnar er farið að hamla útflutningi á ný og vegur að rótum sjálfbærs hagvaxtar ef það leiðir til aukinnar skuldsetningar erlendis.


Hátt raungengi ástæða langvarandi viðskiptahalla

Eins og mynd 5 sýnir lækkaði raungengi mikið árið 2001 en sú lækkun gekk til baka árið 2002. Vegna þess að innlend eftirspurn var eins veik og raun ber vitni árið 2002 jókst innflutningur ekki. Áhrif hás raungengis á útflutningsgreinarnar eru jafnan slæm og viðskiptahallinn eykst. Það er nokkuð ljóst að raungengi krónunnar, jafnvel þótt það sveiflist mikið, er að meðaltali of hátt. Þetta sést á því að viðskiptahalli hefur verið stöðugur svo áratugum skiptir. Ekki er að sjá að lát verði á þeirri þróun næstu árin.

Samkeppnisgreinar líða fyrir hátt gengi

Í grein eins og sjávarútvegi er lítið svigrúm til að viðhalda framlegð með lækkun framleiðslukostnaðar ef verð á erlendum mörkuðum lækkar eða gengið hækkar. Þá minnkar verðmæti á selda einingu í krónum talið og hagnaður dregst saman. Ef framvirkir samningar eru fyrir hendi má verjast gengishækkun en það getur verið kostnaðarsamt. Hagræðing í greininni er leið til að auka viðnám við slíkum

MYND 6



sveiflum. Upptaka evrunnar myndi eyða sveiflunum og leysa þann vanda til frambúðar. Eins og mynd 6 sýnir hefur verðmæti útflutnings sjávarafurða á föstu gengi haldist hátt þrátt fyrir styrkingu krónunnar vegna meiri afla og herra verðs. Samt hefur vöxtur ekki verið mikill í þessari grein undanfarin ár og hlutdeild sjávarafurða í vöruútflutningi minnkað úr 70% árið 1999 í 62% árið 2002. Útflutningur

„Í grein eins og sjávarútvegi er lítið svigrúm til að viðhalda framlegð með lækkun framleiðslukostnaðar ef verð á erlendum mörkuðum lækkar eða gengið hækkar. Þá minnkar verðmæti á selda einingu í krónum talið og hagnaður dregst saman. Ef framvirkir samningar eru fyrir hendi má verjast gengishækkun en það getur verið kostnaðarsamt. Hagræðing í greininni er leið til að auka viðnám við slíkum sveiflum. Upptaka evrunnar myndi eyða sveiflunum og leysa þann vanda til frambúðar.“

fyrirtækja í stóriðju hefur aukist undanfarin ár vegna meiri framleiðslugetu og hlutfallið er nú um 21%. Þá lækkaði álverð árið 2002 og það dró úr aukningu útflutningsverðmætis það ár. Útflutningur annarrar iðnvöru hefur farið vaxandi undanfarin ár og hlutdeild aukist úr 10% árið 1999 í 12% árið 2002. Eins og sjá má hefur gengishækkunin leitt til þess að útflutningsverðmæti á föstu gengi tók að dragast saman á seinni helmingi ársins.

Erfitt ár fyrir iðnaðinn

Iðnaðurinn fór ekki varhluta af þróun innlendrar eftirspurnar árið 2002. Innlend velta iðnaðarins í heild dróst saman um 6% að raunvirði eftir að hafa aukist 8% árið 2000 og 2% árið 2001. Eins og mynd 7 sýnir dróst starfsemi í jarðvinnu og byggingariðnaði mest saman en samdráttar gætti einnig í efna-, veidafæra-, pappírs-, prent-, málm og skipasmíðaiðnaði. Lyfja- og lækningatækjaiðnaður héldu hins vegar áfram að sækja á bæði innanlands og erlendis.

Ósamstæð efnahagsstjórn

Með auknum slaka í efnahagslífinu og hækkun gengisins skapaðist svigrúm til að lækka vexti. Vextir voru samt lækkaðir hægar og minna en hjöðnun verðbólgunnar gaf tilefni til. Við það hafa raunvextir haldist háir en raungengið hefur hækkað. Þá er viðbúið að aðhald í peningamálum haldist áfram mikið sem gerir fyrirtækjum erfitt fyrir. Ljóst er að efnahagsframvindan hefur á ný þróast á neikvæðari

hátt en margir bjuggust við bæði hvað varðar aukna útflutningsframleiðslu og að samdráttur í innlendra eftirspurn hefur orðið meiri en gert var ráð fyrir. Það tvennt hefur dregið úr hagvexti. Á sama tíma hefur aðhald í peningamálum haldist mikið og ríkisstjórnin séð sig knúna til verja um fjórum milljörðum króna í fram-kvæmdir árið 2003, sumar hverjar nýjar. Það kann ekki góðri lukku að stýra að þeir, sem stjórna peningamálum og opinberum fjármálum, vinna ekki saman. Viðbúið er að aukin útgjöld ríkisins dragi úr vilja Seðlabankans til að lækka vexti og því mun raungengið líklega haldast hátt. Það er afar slæm niðurstaða þar eð of mikið peningalegt aðhald bitnar mest á samkeppnisgreininum sem gera okkur kleift að bæta lífskjörin í landinu.

Íslenska veikin

Sagt er að ríki séu með hollensku veikina ef raungengi myntar þeirra hækkar vegna þess að ráðandi útflutningsgrein eins og olía leiðir til afgangi á erlendum viðskiptum. Innflæði gjaldeyris hækkar nafngengið og þótt launakostnaður haldist hóflegur verða launin há í alþjóðlegum samanburði. Raungengi launa, sem er samanburður á þróun launakostnaðar heima og erlendis í sömu mynt, hækkar. Afleiðingin er sú að eigin fyrirtæki í samkeppnisgreinum verða undir í alþjóðlegri samkeppni. Fyrir þær sakir hefur iðnaður í Noregi átt undir högg að sækja um langa hríð.

Sögulega séð hefur raungengi íslensku krónunnar verið það hátt að viðskiptahalli hefur verið að meðaltali um 3% af landsframleiðslunni undanfarna áratugi. Gjalddeyristekjur hafa ekki nægt til að greiða fyrir allan innflutninginn og þjóðarþúið hefur safnað erlendum skuldum. Þennan sérstæða vanda íslenskrar efnahagsstjórnar má rekja til fámenns vinnumarkaðar. Um leið og skriður kemst á efnahagslífið fer að bera á skorti á starfsfólki með æskilega þekkingu. Umframeftirspurn eftir vinnuafli skapar þrýsting á vinnumarkaði og


laun hækka umfram framleiðni. Þar sem gengið lækkar ekki í samræmi við launaþróunina verður raungengið of hátt. Þetta ferli má nefna íslensku veikina.

Nýlega styrkingu krónunnar má rekja til vaxtamunar við útlönd sem er enn nær 3% og þess að fjárfestar hafa væntingar um stórfellt fjármagnsinnflæði vegna stóriðjuframkvæmda á komandi árum. Í fyrra hækkaði gengi krónunnar og laun hækkuðu meira hér en erlendis. Raungengi krónunnar hækkaði langt umfram það sem samræmist jafnvægi í erlendum viðskiptum og viðskiptahallinn fór að aukast á ný.

Önnur vísbending um íslensku veikina er óvenju stór hluti launa í þjóðarkökunni. Hlutfall launa af þáttatekjum hefur hækkað undanfarin ár og er með því hæsta sem þekkest í OECD-ríkjunum. Þar að auki er Ísland hálaunaland sem þolir illa raungengishækkun þrátt fyrir margar jákvæðar breytingar á starfsumhverfi fyrirtækja undanfarin ár. Þá er staða fyrirtækja erfiðari í niðursveiflu þegar

„Til langframa er innganga í ESB og upptaka evrunnar besta leiðin til að lækna okkur af þessum kvillum. Það greiðir veg starfsfólks frá ESB ríkjum inn á íslenskan vinnumarkað með því að gera launamyndun hér gegnsærri og eyða gengisáhættu þeirra sem hingað koma.“

MYND 7




hægir á framleiðniaukingu. Atvinnuleysi nálgast nú fjögur prósentustig og launaskrið hefur stöðvast þótt laun hækki samkvæmt samningum. Þegar stóriðjuframkvæmdirnar hefjast mun þrýstingur aukast á vinnumarkaði á ný nema innflutt vinnuafli mæti umfram eftirspurninni í ríkari mæli. EES samningurinn auðveldaði flutning starfsfólks til landsins í síðustu upp-sveiflu.

Á komandi árum er viðbúið að raungengið haldist of hátt. Útflutningur á áli mun margfaldast með aukinni framleiðslugetu sem mun stuðla að afgangi í erlendum viðskiptum sem þrýstir upp genginu. Þá mun hagkerfið hafa tilhneigingu til að ofhitna sem þrýstir upp launum. Við gætum sem sagt fengið hollensku veikinda ofan í þá íslensku.

Til langframa er innganga í ESB og upptaka evrunnar besta leiðin til að lækna okkur af þessum kvillum. Það greiðir veg starfsfólks frá ESB ríkjum inn á íslenskan vinnumarkað með því að gera launamyndun hér gegnsærri og eyða gengisáhættu þeirra sem hingað koma. Betri tenging við hinn sameiginlega vinnumarkað mun einnig laða sérmenntað starfsmenntað starfsfólk til landsins. Mikilvægt er að krónan verði fest við evruna á hagstæðu gengi til að tryggja góð samkeppnisskilyrði við inngöngu. Slík kerfisbreyting mun minnka vanda efnahagsstjórnar og skapa betri forsendur fyrir öflugar samkeppnisgreinar og bætt lífskjör í landinu.

NÝSKÖPUN OG ÞRÓUNARMÁL

MYND 1



Heimild: Rannís

Annað hvert ár tekur Rannís saman útgjöld til rannsókn- og þróunarstarfsemi hér á landi m.a. til samanburðar við önnur lönd. Nýjustu tölur sýna að heildarútgjöld til rannsókn- og þróunarmála voru tæpir 22 milljarðar árið 2001. Þetta svarar til um 3% af vergri þjóðarframleiðslu. Til samanburðar var þetta hlutfall 2,25% árið 1999 og 1,72% árið 1997 þegar sams konar kannanir voru gerðar. Íslensk fyrirtæki standa fyrir um 60% af þessum gjöldunum, opinberar rannsóknastofnanir tæp 22% og menntastofnanir á háskólastigi um 15,5% en 1,7% eru á vegum sjálfséignarstofnana. Árið 1999 voru þessi hlutföll 46,7% fyrirtæki, 30,2% hið opinbera, 20,9% háskólastofnanir og 2,2% sjálfséignarstofnanir. Fyrirtækin hafa þannig enn haldið áfram að auka hlutdeild sína í rannsókn- og þróunarstarfseminni eins og fram kemur á mynd 1.

Ísland ofar á lista


Samanburður við önnur OECD ríki sýnir að Ísland hefur á síðustu árum heldur verið að færast ofar á lista í útgjöldum til rannsókn- og þróunarstarfsemi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og er nú komið í fremstu röð ásamt Svíþjóð, Finnlandi og Japan eins og fram kemur á mynd 2.



Davíð Lúðvíksson

Þann fyrirvara verður að hafa að ekki liggja fyrir niðurstöður nema frá örfáum öðrum löndum fyrir 2001. Evrópusambandið setti sér þau markmið á leiðtogafundi sínum í Lissabon 2000 að öll aðildarríki ESB nái þessu 3% marki og fyrirtæki standi fyrir um 2/3 af þessum útgjöldum á allra næstu árum. Ísland er þriðja Evrópuríkið sem nær þessu marki þannig að við getum verið stolt af stöðu okkar nú svo framarlega sem okkur tekst að halda henni. Í ljósi þess samdráttar sem varð á áhættufjármagnsmarkaði á síðasta ári er ljóst að framhald þeirrar þróunar er engan veginn tryggt. Einnig er ljóst að aðrar Evrópuþjódir munu leggja hart að sér til að ná 3% marki en þannig að þær munu sækja hratt að okkur ef við höldum ekki vel á spöðunum. Við þurfum því að hafa

MYND 2



Heimild: Rannís

fyrir að halda stöðu okkar í fremstu röð í þessum efnum. Það gerist einfaldlega ekki af sjálfu sér.

Ný lagasetning

Í umræðunni um starfsskilyrði nýsköpunar- og þróunarstarfsemi í atvinnulífinu hafa ný lagfrumvörp forsætis-, menntamála- og iðnaðarráðherra um Vísinda- og tækniráð, Rannsóknasjóð og Tækniþróunarsjóð verið ofarlega á baugi. Ríkisstjórnin lagði þessi frumvörp fram sl. vor en vegna fjölda athugasemda var ákveðið að fresta afgreiðslu þeirra. Einkum var gagnrýnt tvískipt skipulag starfseminnar, skipan stjórnna og nefnda, takmarkað samráð um stefnumörkun og óljós skilboð um fjárhagslegan ramma, sérstaklega varðandi fyrirhugaðan Tækniþróunarsjóð.

Nokkrar endurbætur voru gerðar á frumvörpunum sl. sumar einkum hvað snýr að skipulaginu og rétt fyrir jólin var frumvarpið lagt fram að nýju. Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins, sem skilað hafa sameiginlegum umsögnum um frumvörpin, hafa stutt framgang þeirra í hinni nýju mynd en leggja áherslu á að Tækniþróunarsjóðnum verði hleypt af stokknum með myndarlegri hætti en fram kemur í greinargerð með frumvörpunum.

ALÞJÓÐLEGIR SAMNINGAR OG SAMSTARF

Tímamót í sögu Evrópu

Sögulegar breytingar voru staðfestar í Kaupmannahöfn 13. desember þegar samkomulag náðist um aðild tíu nýrra aðildarríkja að ESB. Þar með hafa 25 Evrópuríki ákveðið að bindast nánum og varanlegum böndum til hagsbóta fyrir þegna sína og atvinnulíf á einum sameiginlegum markaði og stuðla að friði og hagsæld í álfunni. Óhjákvæmilegt er að þessar breytingar muni hafi mikil áhrif á Ísland og EES-samninginn sem leiða til þess að meta verður stöðu Íslands meðal Evrópuþjóða frá grunni.

Viðhorf til aðildar að ESB

Samtök iðnaðarins hafa mótað sér skýra stefnu um að skynsamlegt sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu og var sú stefna staðfest á Iðnhþingi. Í stefnumótunarvinnu stjórnar og ráðgjafaráðs SI hefur ítrekað komið í ljós að aðild að ESB og upptaka evru í stað krónu er meðal brýnustu verkefna sem SI ber að vinna að.

Kannanir Gallup fyrir SI

Árið 2002 gerði Gallup tvær kannanir fyrir Samtök iðnaðarins um viðhorf almennings til Evrópumála. Sú fyrri var gerð í febrúar og sögðust þá 52% landsmanna fylgjandi aðild að ESB, 25% andvíg en 23% sögðust hvorki fylgjandi né andvíg. Þá voru 55% hlynnt því að taka upp evru í stað krónu og hvorki meira né minna en 91% kváðust hlynnt því að taka upp aðildarviðræður til þess að ganga úr skugga um hvað Íslandi stendur til boða við aðild. Óhætt er að segja að þessi könnun hafi vakið mikið umtal, hastarleg viðbrögð og jafnvel ásakanir



Jón Steindór
Valdimarsson

um að þar hafi legið annarleg sjónarmið að baki.

Síðari könnunin var gerð um mánaðamótin júní/júlí og eingöngu spurt um afstöðu til aðildar. Þá sögðust nánast jafnmargir hlynntir og andvígir aðild, eða 37% aðspurðra í hvorri fylkingu. Hvorki fylgjandi né andvígir voru 26%. Fyrsta könnunin af þessu tagi, sem Gallup gerði fyrir SI, er frá því í ágúst 2000. Þá voru 44% fylgjandi aðild, 34% á móti og 22% hvorki fylgjandi né andvígir aðild. Á þessum tveimur árum hefur fylgjendum aðildar fækkað um 7 prósentustig, andstæð-

„Þá voru 55% hlynnt því að taka upp evru í stað krónu og hvorki meira né minna en 91% kváðust hlynnt því að taka upp aðildarviðræður til þess að ganga úr skugga um hvað Íslandi stendur til boða við aðild.“

ingum fjölgað um þrjú prósentustig og óákveðnum um fjögur prósentustig. Aðrar kannanir um þessi mál hafa sýnt meiri og vaxandi andstöðu við ESB aðild.

Kostnaður af aðild

Kostnaður af aðild að ESB var mikið til umræðu árið 2002, ekki síst eftir að skýrsla Hagfræðistofnunar fyrir forsætisráðuneytið var birt og tilkynnt að utanríkisráðuneytið ætlaði að láta ráðgjafarfyrtækið Deloitte & Touche vinna fyrir sig. Samtök iðnaðarins telja að í þessari umræðu gleymist aðalatriði málsins sem er hagræði atvinnulífsins af aðild og upptöku evru. Kostnaður ríkissjóðs skiptir þar miklu minna máli. Það er hættulegt að láta umræðuna um aðild að ESB snúast í þann farveg. (Sjá nánar í kaflanum um efnahagsmál framar í skýrslunni).

Ráðstefna um Evrópumál

Merking fullveldis á 21. öldinni - viðhorf frá Íslandi. Samtök iðnaðarins stóðu fyrir stórrí alþjóðlegri ráðstefnu um Evrópumálin í samvinnu við ERA (Rannsóknarstofnunina í Evrópurétti í Trier), Háskólann í Reykjavík og Alþýðusamband Íslands. Ráðstefnan stóð í tvo daga í september á Hótel Sögu. Ræðumenn voru um tíu talsins, allir virtir sérfræðingar á sínu sviði. Rætt var um hvað felst í fullveldi og hvaða áhrif samrunaferlið hefur á merkingu þess. Þá var rætt um kosti og galla aðildar að ESB. Sérstaklega var fjallað um evruna, vinnumarkaðsmál og fiskveiði- og landbúnaðarstefnu ESB. (Nánar: si.is/esb/era/2002/ERA-erindi.html).

Stýrt eftir stjórnunum

Í lok febrúar var haldin ráðstefna í Brussel um framtíð EES. Þar var lögð fram og kynnt mjög ítarleg greining á EES gerð af CEPS eða Center for European Policy Studies, fyrir NHO, norsku atvinnurekendasmötökin, og þá kosti sem eru fyrir Norðmenn í Evrópumálunum. Þetta er mjög fróðleg lesning og má að mestu heimfæra upp á íslenskar aðstæður. Velt er upp mörgum möguleikum og kostir og gallar vegnir og metnir. Málín eru skoðuð frá mörgum sjónarhornum, s.s. efnahagslegum, pólitískum og út frá fullveldissjónarmiðum, öryggis- og varnarmálum svo að nokkuð sé nefnt.

Niðurstaðan er sú að EES-samningurinn dugi svo sem ágætlega en að allt bendi til að svo verði ekki lengi. Fram kom að norska stjórnin reynir að styrkja stöðu Noregs með tvíhliða samskiptum við aðildarríkin með því að ræða milliliðalaust við aðildarþjóðirnar 15 og þær 10 sem eru á leið inn í bandalagið. Fulltrúar Norðmanna reyna að koma ár sinni fyrir borð hvarvetna innan ESB og eru alls staðar sýnilegir. Á fundinum voru margir fyrirlesarar, þ.á.m breskur þingmaður á Evrópuþinginu. Hann hélt því blákalt fram að enginn á Evrópuþinginu vissi neitt um EES samninginn eða hefði áhuga á honum. Þá var fullyrt að ESB hefði engan áhuga á uppfærslu EES-samningsins.

Evrópuskrifstofa atvinnulífsins í Brussel

Evrópusamstarfið tekur sífældum breytingum. Það er í sífelldri endurskoðun og þróun og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið fer ekki varhluta af því. Starf Evrópuskrifstofunnar eins og annarra, tekur mið af viðfangsefnum ESB og tengslum þeirra við hagsmuni íslenskra fyrirtækja á hverjum tíma. Á síðari árum hafa um-svif og afskipti stofnana ESB af starfsskilyrðum og umhverfi fyrirtækja vaxið mjög. Það á sérstaklega við um vinnumarkaðs- og félagsmál. Á síðasta ári var samþykkt sameiginleg viðfangs-

„Mikilvægt er að efla fræðilegar rannsóknir á sviði alþjóðamála og alþjóðavæðingar og stöðu Íslands í því samhengi. Umræður um þessi mikilvægu mál sem Ísland stendur frammi fyrir, ekki síst Evrópumálin, verða að fara fram á grundvelli staðreynda og góðra rannsókna.“

efnaáætlun fyrir árin 2003 til 2005 með Evrópusamtökum launþega, ETUC. Áætlunin nær til 19 verkefna, s.s. aðgerða til að sporna við streitu á vinnustöðum, símenntunar og jafnréttis kynjanna.

UNICE - samtök iðn- og atvinnurekenda í Evrópu

Forgangsverkefni UNICE á hverjum tíma ráðast af því hvað er efst á baugi hjá ESB hverju sinni varðandi atvinnulífið. Nú ber hæst vinnu við svokallaða Lissabon áætlun og framtíðarráðstefnu ESB. Markmið Lissabon áætlunarinnar er að gera ESB að samkeppnishæfustu efnahagsheild heimsins árið 2010. Heldur hægt þykir hafa miðað að markmiðinu sem sett var í Lissabon árið 2000 og leiðtogar ESB hafa þó ítrekað reglulega.

UNICE hefur eftir megni spornað við of mikilli áherslu á félagsmál á ráðstefnunni um framtíðarskipulag og áherslur ESB með takmörkuðum árangri. Niðurstöður ráðstefnunnar liggja ekki fyrir en verða lagðar fyrir ríkjarráðstefnu ESB til umfjöllunar þegar þær liggja fyrir.

Alþjóðavæðing er nauðsynleg

Samtök iðn- og atvinnurekenda á Norðurlöndum gáfu sameignlega út rit þar sem sett eru fram sameiginleg við-

horf þeirra til alþjóðavæðingar og lýst í stuttu máli hvaða verkefni er að þeirra mati brýnast að takast á við á næstu árum. Ritið er á ensku og ber heitið: Globalisation - views of the Nordic business community.

Samtökin töldu rétt að vekja athygli á þeim viðhorfum sínum að besta leiðin til þess að takast á við brýn vandamál í heiminum eins og fátækt, vanþróun, mengun, loftslagsbreytingar, spillingu, félagslegt óréttlæti, atvinnuleysi og vanvirðingu mannréttinda sé aukin alþjóðavæðing og opnir markaðir. Þar blasi við fjögur meginverkefni - að byggja opinn markað þar sem meira jafnræðis er gætt, - að draga úr fátækt, - að stuðla í auknum mæli að sjálfbærri þróun og í síðasta lagi hvernig fyrirtækin og atvinnulífið eiga að takast á við þessi mikilvægu verkefni. (Sjá nánar: www.si.is/utgafa/molar/2002/Globalisation.htm)

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands

Samtök iðnaðarins og Háskóli Íslands hafa gert með sér samning um að SI taki þátt í stjórn og starfsemi stofnunarinnar. Hlutverk hennar er að vera vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smárikjarannsókna. Stofnunin er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun og heyrir undir háskólaráð. Samtök iðnaðarins binda miklar vonir við starf Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og smárikjasetrið sem er starfrækt innan þess. Mikilvægt er að efla fræðilegar rannsóknir á sviði alþjóðamála og alþjóðavæðingar og stöðu Íslands í því samhengi. Umræður um þessi mikilvægu mál sem Ísland stendur frammi fyrir, ekki síst Evrópumálin, verða að fara fram á grundvelli staðreynda og góðra rannsókna. Samtök iðnaðarins telja að þátttaka í stjórn og rekstri Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands stuðli að þessu markmiði.

ÖFLUG STARFSEMI
AÐILDARFÉLAGA OG
STARFSGREINAHÓPA
INNAN SI

MANNVIRKJAGERÐ OG BYGGINGARIÐNAÐUR

Staðlagerð

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár tekið mikinn þátt í staðlagerð á vegum Byggingastaðlaráðs. Á árinu tóku SI þátt í vinnu við gerð Evrópu-staðals fyrir framkvæmdaflokkun verk-taka. Allt útlit er fyrir að ekki takist að ljúka gerð staðalsins þar sem fulltrúum Evrópu-staðlaráðsins, sem unnu að staðlagerðinni, tókst ekki að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Samtök iðnaðarins áttu fulltrúa í nefnd sem vann að endurskoðun á ÍST 30. Allt bendir til að þeirri vinnu ljúki með útgáfu á miðju ári 2003 og að flestar tillögur SI muni rata inn í endurskoð-aðan staðal. Mikið staðlastarf á þessu sviði á sér stað á vegum CEN Evr-ópustaðlaráðsins og ætla má að fjögur til fimm hundruð staðlar líti dagsins ljós á næstu tveimur til þremur árum.

Endurskoðun skipulags- og byggingarlaga

Umhverfissráðuneytið hóf á árinu vinnu við endurskoðun skipulags- og byggingarlaga. Þar er gert ráð fyrir að lögnum verði skipt upp í skipulagslög annars vegar og byggingarlög hins vegar. Vinnan hefur farið hægt af stað og ekki er búist við fyrir að frumvarp til nýrra laga verði lagt fyrir yfirstand-andi þing. Samtök iðnaðarins eiga full-trúa í nefndinni sem endurskoðar byggingarhluta laganna.

Taxti II endurbættur

Taxti II var gefinn út með viðbót-um á árinu. Nú er hægt að nýta hann til að reikna út einingarverð eða við gerð tilboda í smærri verk. Haldin hafa verið stutt námskeið fyrir félagsmenn í notkun hans og hafa þátttakendur sett upp fyrirtæki og reiknað út einingar-verð fyrir tilteknar framkvæmdir.



Árni Jóhannsson

Eyjólfur Bjarnason

„SI hafa talið heppilegast að verksamningar verði verðbættir með því að verðtryggja einungis þá samninga sem, óháð fjárhæð, taka til verkefna sem standa í 12 mánuði eða lengur og þá á sama hátt og Vegagerðin hefur nú nýverið beitt í tilviki Fáskrúðsfjarðarganga. Í þeim útboðsgögnum er sett fram verðbólgu-markmið að tillögu SI. Ef verðlag m.v. bygginga-vísitölu hækkar umfram þau taka verðbótaákvæði gildi.“

Starfsemi starfsgreinahópa í byggingariðnaði

Starfsgreinahópar í byggingariðnaði hafa starfað með mismiklum krafti á árinu. Með samkomulagi, sem gert var í ársbyrjun, tóku SI að sér rekstur Meistarafélags Suðurlands.

Í öðrum starfsgreinahópum í mannvirkjagerð og byggingariðnaði hefur verið fundað eftir þörfum og tekin fyrir mál sem snerta viðkomandi starfsgreinar.

Lagnakerfamiðstöð Íslands

Lagnakerfamiðstöð Íslands var formlega opnuð í desember 2001. Starfsemi er nú óðum að komast í það horf sem stefnt var að við stofnun hennar. Menntafélag byggingariðnaðarins og Fræðsluráð málmíðnaðarins hafa haldið þar námskeið fyrir pípu-lagningamenn og blikksmiði. Með starfsemi stöðvarinnar er að rætast draumur lagnamanna um góða endur-menntunar- og rannsóknaraðstöðu fyrir greinina.

Iðnráð SI

Við endurskoðun iðnaðarlaga var ákveðið að leggja niður iðnráðin sem höfðu starfað um árabíl með misjöfn-um árangri. Iðnþing samþykkti í kjölfar þess að stofna iðnráð innan Sam-taka iðnaðarins. Iðnaðarmanna félag Reykjavíkur tilnefndi í ráðið. Megintil-gangurinn var að ráðið yrði stjórn SI til ráðgjafar í málefnum sem snerta iðnlöggjöf og ágreiningsmál sem upp kunna að koma milli iðngreina.

Rannsóknaverkefni

Samtök iðnaðarins voru þátttak-undur í rannsóknarverkefni um bygg-ingarúrgang. Verkefnið hefur staðið í þrjú ár og lauk formlega í nóvember með þátttöku í ráðstefnu um Vistvæna byggingarstarfssemi. Þar var verkefnið

kynnt í heild. Einnig tóku SI þátt í umsókn um styrk hjá Íbúðalánasjóði þar sem vinna á kennslugögn fyrir fyrirtæki um flokkun og endurvinnslumöguleika byggingasorps. Námsgögnin munu nýtast Menntafélagi byggingariðnaðarins við námskeiðahald.

Útboðsmál

Samtökin hafa átt í viðræðum við Vegagerðina vegna útboðsmála og fengu því áorkað að breytt var útboði vegna efnisvinnslu á Suðurlandi.

Verðbætur verklega framkvæmda

SI hafa talið heppilegast að verk-samningar verði verðbættir með því að verðtryggja einungis þá samninga sem, óháð fjárhæð, taka til verkefna sem standa í 12 mánuði eða lengur og þá á sama hátt og Vegagerðin hefur nú nýverið beitt í tilviki Fáskrúðsfjarðarganga. Í þeim útboðsgögnum er sett fram verðbólgu markmið að til-lögu SI. Ef verðlag m.v. bygginga-vísitölu hækkar umfram þau taka verð-bótaákvæði gildi. Þetta fyrirkomulag dregur úr áhættu verktaka, einkum ef einstakir stórir kostnaðarliðir fara úr böndum líkt og gerðist þegar olíuverð hækkaði tvöfalt innan árs.

Samtökin vonast til að Vegagerðin verðbæti með sama hætti alla verk-samninga sem taka til lengri tíma en 12 mánaða enda er verðtrygging viðlíkt langra samninga viðtekin venja hjá öðrum opinberum verkkaupum.

Útboðsþing

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins og Félags vinnuvélagenda hefur fest sig sessi og æ fleiri áhugamenn um opinberar framkvæmdir sækja þingið sem haldið er í lok janúar ár hvert. Þar gefst einstakt tækifæri til kynna sér framboð verkefna á sviði mannvirkjagreina. Þinggestir eiga einnig kost á að spyrja framsögumenn um einstakar framkvæmdir eða áform um framkvæmdir.

„ Ítarlegir útreikningar sýndu að hið nýja frumvarp leiddi til verulega aukinnar skattheimtu af flestum gerðum bifreiða yfir 10 tonna þyngdarmörkum. Samtökin telja aukna skattheimtu og viðhald tvöfalds skattkerfis óviðunandi og lögðust gegn frumvarpinu. Að auki er þungaskattskerfið orðið mun skilvirkara en áður var. Ennfremur hefur hækkað olíuverð eitt og sér leitt til mun meiri umhverfisvitundar en áður þekktist og um leið eru tvær helstu ástæður SI fyrir fyrri óskum brott fallnar. Í ljósi þessa lögðust Samtökin gegn frumvarpi um upptöku olíugjalds.“

Reglur um innkaup Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg samþykkti, fyrst sveitarfélaga, reglur um innkaup sín fyrir skömmu. Meginreglan er sú að beitt skuli útboðum við innkaup. Þegar áætluð samningsfjárhæð verkegrar framkvæmdar, hvort sem um nýframkvæmd eða viðhaldsverkefni er að ræða, er hærri en 20 m.kr. skal útboð viðhaft. Ef áætluð fjárhæð kaupa á þjónustu fer yfir 10 m.kr. eða yfir 5 mkr. vegna vörukaupa skal sómuleiðis viðhafa útboð. SI hefðu talið edlilegra að samræma þessi við-

miðunarmörk reglum ríkisins. Að öðru leyti telja SI reglurnar mikið framfaraspor og öðrum sveitarfélögum til eftirbreytni. Einnig eru SI Reykjavíkurborg þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að hafa áhrif á gerð reglnanna.

Olíugjald

Á vordögum lagði fjármálaráðuneyti fram til kynningar frumvarp um olíugjald. Samkvæmt frumvarpinu var ætlunin að leggja 36,50 kr. gjald á hvern lítra af olíu í stað þungaskatts. Að auki áttu bifreiðar 10 tonn og þyngri að greiða gjald fyrir ekna km. Ítarlegir útreikningar sýndu að hið nýja frumvarp leiddi til verulega aukinnar skattheimtu af flestum gerðum bifreiða yfir 10 tonna þyngdarmörkum. Samtökin telja aukna skattheimtu og viðhald tvöfalds skattkerfis óviðunandi og lögðust gegn frumvarpinu. Að auki er þungaskattskerfið orðið mun skilvirkara en áður var. Ennfremur hefur hækkað olíuverð eitt og sér leitt til mun meiri umhverfisvitundar en áður þekktist og um leið eru tvær helstu ástæður SI fyrir fyrri óskum brott fallnar. Í ljósi þessa lögðust Samtökin gegn frumvarpi um upptöku olíugjalds.

Vegagerðin mátti reisa brú

Í vor barst SI ábending um að Vegagerðin væri að smíða nýja brú yfir Þverá fyrir austan Hvolsvöll á eigin vegum. Kostnaður við brúarsmíðina var yfir viðmiðunarmörkum útboðs-skyldu og því ákváðu Samtökin að kæra framkvæmdir til kærufndar útboðsmála. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að skv. lögum um opinber innkaup væri ríkisfyrirtækum og opinberum stofnunum heimilt að vinna verk sjálf til eigin þarfa þó að fjárhæðir væru yfir viðmiðunarmörkum útboðs-skyldu. Samtök iðnaðarins telja að sú niðurstaða veiki útboðsstefnu ríkisins og jafnframt þurfi að huga mun betur að þróun Evrópuréttar á þessu sviði en gert hefur verið í lagasetningu á Íslandi.

MATVÆLAIÐNAÐUR

Starfsgreinahópur í matvælaiðnaði

Starfsgreinahópurinn hittist á reglulegum fundum 6 sinnum á árinu. Þar var m.a. fjallað um staðal um innra eftirlit í matvælafyrirtækjum, markaðsmál og Matartíma SI, gæðamál og gæðastefnu, Matvælastofnun og Vogabær var heimsóttur. Allir félagsmenn í matvælaframleiðslu mynda starfsgreinahópin og eru velkomnir á fundina og allir fá sendar fundargerðir. Auk reglulegra funda er boðað til funda fyrir afmarkaðar greinar innan matvælaiðnaðarins ef tilefni gefast. Landssamband bakameistara (LABAK) starfar í skjóli Samtaka iðnaðarins.



Ragnheiður Héðinsdóttir

Matartími-Kaupstefna 2002

Sýningin Matartími-Kaupstefna 2002 var haldin í Perlunni 10. september. Þar kynntu yfir 30 matvælaframleiðendur innan Samtaka iðnaðarins vörur og þjónustu fyrir innkaupafólki úr mótuneytum, veitingahúsum og matvöruverslunum. Samtök iðnaðarins hafa staðið fyrir kynningum af þessu tagi flest ár frá 1997 og hafa þær mælst vel fyrir bæði meðal framleiðenda og gesta. Þátttaka framleiðenda og aðsókn gesta að Matartímanum hefur farið vaxandi ár frá ári og hefur aldrei verið eins mikil og nú. Skráðir gestir voru á tíunda hundrad og þeir framleiðendur, sem tóku þátt í viðburðinum, fóru um hann mjög lofsamlegum orðum.

Staðall um innra eftirlit

Samtök iðnaðarins beittu sér fyrir því að Staðlaráð Íslands gaf út íslenska þýðingu á dönskum staðli sem fjallar innra eftirlit við matvælaframleiðslu. Staðallinn ber heitið: ÍST DS 3027:1997 Öryggi matvæla samkvæmt HACCP (greining hættu og mikilvægra stýristaða) - Kröfur til matvælafram-

„Nefndin gerir tillögur um að allt matvælaeftirlit verði sameinað undir einu ráðuneyti. Þá er lagt til að komið verði á fót Matvælastofnun sem taki við umsýslu og framkvæmd alls matvælaeftirlits í landinu til að einfalda kerfið, eyða gráum svæðum og gera eftirlitið skilvirkara og gegnsærra.“

leiðenda og undirverktaka þeirra. Í staðlinum er lýst atriðum gæðakerfis sem byggist á alþjóðlega viðurkenndum meginreglum HACCP. Honum er ætlað að hjálpa fyrirtækjum að koma á virku innra eftirliti og tryggja að gæðakerfið nýtist í reynd. Staðallinn var

kynntur á fundi í október sl. og félagsmönnum boðið að hittast á vettvangi Samtaka iðnaðarins til að útfæra hann í sameiningu og bera saman bækur sínar. Ekki hefur orðið af klúbbsstarfinu enn sem komið er.

Matvælastofnun

Matvælaeftirlit á Íslandi er mjög dreift. Það heyrir undir þrjú ráðuneyti og þrjár eftirlitsstofnanir undir þeim og þar að auki 10 stofnanir á vegum sveitarfélaga. Skil milli stofnana eru oft óljós en það veldur miklum vandræðum, sérstaklega ef þarf að bregðast við óvæntum tilvikum. Þetta kemur fram í skýrslu nefndar forsætisráðuneytis frá nóvember 2001. Nefndin gerir tillögur um að allt matvælaeftirlit verði sameinað undir einu ráðuneyti. Þá er lagt til að komið verði á fót Matvælastofnun sem taki við umsýslu og framkvæmd alls matvælaeftirlits í landinu til að einfalda kerfið, eyða gráum svæðum og gera eftirlitið skilvirkara og gegnsærra. Samtök iðnaðarins eru því fylgjandi að þessar tillögur nái fram að ganga sem allra fyrst og hafa kynnt félagsmönnum sínum efni skýrslunnar. Frumvarp um stofnun Matvælastofnun hefur verið lagt fram á Alþingi.

Evrópusamstarf

Ný rannsóknáætlun Evrópusambandsins hófst í lok árs 2002. Samtök iðnaðarins hafa fylgst vel með efni hennar til að geta miðlað upplýsingum til félagsmanna sinna um möguleika sem í henni felast. Undanfarin ár hafa Samtökin jafnframt tekið þátt í Evrópusamstarfi um að hvetja til nýsköpunar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Samtökin eru landstengiliður á sviði matvæla í nýju rannsóknáætluninni en matvæli eru eitt af forgangssviðum þeirrar áætlunar.

MÁLMIÐNAÐUR

Sveiflur í samkeppnisstöðunni og verkefnum hafa einkennt málmíðnaðinn síðustu mánuði. Mörg fyrirtæki í greininni hafa fengið vindinn í fangið með hækkandi gengi íslenska gjaldmiðilsins. Framlegð þeirra hefur minnkað mikið af þeim sökum og möguleikar til frekari þróunar og landvinninga á alþjóðamörkuðum og innanlands versnað að sama skapi. Enn einu sinni skaða sveiflurnar þessa atvinnugrein og standa eðlilegum framförum fyrir þrífum.

Blikkgreinin

Eins og vænta mátti slaknaði á þeirri spennu sem var í blikkgreininni á árunum 2000 og 2001. Verkefnastaðan er nú allmisjöfn eftir blikksmiðjum, allt frá því að vera bærilig til þess að vera léleg. Við þessar aðstæður hafa tilboð tilhneingingu til að lækka svo mjög að þau standa augljóslega ekki undir kostnaði.

Fyrir allmörgum árum var ákveðið að vinna að því að blikkgreinin til-einkaði sér gæðastýringu í auknum mæli og styrkti stöðu sína á markaðnum með því móti. Samtök iðnadarins hafa staðið fyrir víðtæku uppbyggingarstarfi á þessu sviði sem byrjaði í lagnagreinum. Það hefur nú borið þann ávöxt að æ fleiri blikksmiðjur hafa tekið upp gæðastýringu. Við þetta bætist síðan víðtækt fræðsluáttak með Fræðsluráði málmíðnadarins fyrir þá sem hanna, smíða og setja upp loft-ræstikerfi. Ný aðstaða til kennslu í þessum hluta greinarinnar hjá Lagna-kerfamiðstöð Íslands gefur einnig góðar vonir um verulegar tækni- og verklegar framfarir í blikkgreininni.

Mannvirkjagerð

Stálmannvirki sækja stöðugt á. Með fyrirhuguðum stóriðju- og virkjanafurkvæmdum verður mikið um að vera á þessu sviði. Á miklu veltur að fyrirtæki og fagmenn búi sig vel



Ingólfur Sverrisson

„Enn einu sinni skaða sveiflurnar þessa atvinnugrein og standa eðlilegum framförum fyrir þrífum.“

undir þau bæði hvað varðar skipulag, vélvæðingu og viðurkennda hæfni.

Fyrirtæki í greininni eru þegar farin að undirbúa samstarf innibyrðis og við erlenda aðila til þess að treysta stöðu sína þegar álagið verður mest á árunum 2005 og 2006.

Skipaiðnaðurinn

Eftir að samvinnuverkefni Samtaka iðnadarins, Málmis og iðnadarráðuneytisins um úttekt á samkeppnisstöðu greinarinnar lauk kynntu Samtökin iðnadarráðherra tillögur um aðgerðir sem miðuðu að því að jafna það sem sannaðist að hallaðist á íslenskan skipaiðnað. Þeim tillögum var vel tekið og nú eru þegar hafnar aðgerðir.

Verkefnastaða skipaiðnaðarfyrirtækja er með ýmsum hætti um þessar mundir. Vegna mikillar fækkunar minni fiskiskipa síðustu árin standa flestar smiðjur, sem hafa þjónað þeim, frammi fyrir minnkandi viðskiptum og alvarlegri stöðu. Hins vegar hafa nokkrar skipasmíðastöðvar náð stór-

um viðhalds- og viðgerðarverkefnum. Einnig eru nú umtalsverð verkefni í nýsmíði fyrir færeyskar útgerðir og bendir margt til að þau eigi eftir að aukast og ná til fleiri landa.

Þrátt fyrir alvarlegar blikur á lofti má því segja að farið sé að rofa til á ýmsum sviðum íslensk skipaiðnaðar.

Smíði véla og tækja

Á ýmsu hefur gengið á þessu sviði málmíðnadarins. Mörg fyrirtæki, sem hafa einbeitt sér að hönnun og smíði véla og tækja fyrir veiðar og vinnslu, eru í mikilli sókn á alþjóðamörkuðum. Því miður er þessari grósku ekki alls staðar að fagna því að nokkur lítil fyrirtæki, sem hafa sérhæft sig í smíði véla fyrir veiðar og vinnslu, hafa haft minna að gera en um nokkurt skeið og veldur það nokkrum áhyggjum. Vissulega hafa sveiflur í gengismálum og önnur óhagstæð ytri skilyrði valdið þar miklu um. Engu að síður bendir margt til þess að sú stefna þessara fyrirtækja og SI að íslensk tækni fyrir veiðar og matvælavinnslu komist í forystu á heimsvísu fyrir árið 2006 nái fram að ganga.

Fræðslumál

Undanfarna mánuði hefur Fræðsluráð málmíðnadarins (FM) unnið að því að endurmeta stöðu sína og marka nýja stefnu til framtíðar. Ráðið hefur nú starfað í fimmtán ár og komið miklu til leiðar á sviði fræðslu og þjálfunar fyrir starfsmenn málmíðnadarins. Því var talið tímabært að meta stöðuna og horfa til nýrra og enn kröfuharðari tíma sem fyrirtækin og starfsmenn þeirra standa frammi fyrir.

Á næsta aðalfundi FM verður lögð fram niðurstaða þessa starfs og endanlega tekin afstaða til þess sem þar verður lagt til. Meðal þess, sem þar kemur til álita, er að breyta FM í hlutafélag og að rekstur þess verði alfarið á ábyrgð stjórnar þess.

PRENTIÐNAÐUR

Starfsgreinahópur prent- og pappírsiðnaðar hefur fundað að jafnaði tvisvar í mánuði að vetrinum en sjaldnar á sumrin.

Stefnumótun og framtíðarsýn

Umfangsmikil stefnumótunarvinna í prentiðnaði átti sér stað í byrjun síðasta árs og samin hefur verið framkvæmdaáætlun um verkefni. Meginniðurstöður stefnumótunarvinnu í prentiðnaði voru settar fram í riti um framtíðarsýn iðnaðarins ásamt forsendum fyrir að hún geti orðið að veruleika

Námsskipulag

Í ár var unnið áfram að nýju námskipulagi upplýsinga- og fjölmiðla-greina en sérstök áhersla var lögð á að skipuleggja vinnustaðanám.

Kannanir

Niðurstöður símakannana SI í febrúar og október sýndu að velta í prentiðnaði jókst lítillega í fyrra og svo var einnig í ár. Hins vegar hafa mörg prentfyrirtæki offjórðfest undanfarin ár til að mæta vaxandi samkeppni. Vegna versnandi skuldastöðu margra þeirra varð nokkur samdráttur í fjárfestingum á árinu en mikil fjárfesting hjá einu fyrirtæki hafði þó talsverð áhrif til heildarhækkunar.

Umhverfismál

Íslensk prentfyrirtæki eru til fyrirmyndar í umhverfismálum og í ár hlaut m.a. Árvakur hf., útgáfufélag Morgunblaðsins, vottun á því að fyrirtækið uppfyllir alþjóðlega umhverfistaðalinn ISO 14001. Jafnframt fékk prentsmiðjan Hjá Guðjón Ó endurnýjað leyfi til að Svansmerkja prentað efni en Svanurinn er tákn norræna umhverfismerkingarkerfisins.

Í ár voru prentsmiðjurnar Gutenberg ehf. og Umslag ehf. báðar tilnefndar til umhverfisverðlauna Reykja-



Haraldur D. Nelson

„Víða versnandi skuldastaða þrátt fyrir aukningu í veltu.“

víkurborgar en undanfarin ár hafa prentsmiðjur verið tilnefndar til þessara verðlauna.

Launakönnun

Samkvæmt kjarasamningum Samtaka iðnaðarins við Félag bókagerðarmanna (FBM) skal gera launakannanir með reglubundnum hætti og það hefur verið gert um langt árabil. IBM Consulting sér um framkvæmd verksins.

Tölfræði

Fyrirtækjum í prentiðnaði innan Samtaka iðnaðarins er boðið að taka þátt í Microscope sérstakri úttekt á sviði hagnýtra viðmiða sem gerir fyrirtækjum kleift að bera sig saman við önnur fyrirtæki í heiminum á fljótlegan og áhrifaríkan. Einnig var tekin saman tölfræði fyrir prentiðnaðinn og kynnt starfsgreinahópnum í prenti.

Rammasamningsútboð Ríkiskaupa

Vinnuhópur var settur á fót á árinu í samvinnu við Ríkiskaup til að vinna að skilgreiningu á útboðsgögnum fyrir rammasamningsútboð Ríkiskaupa á prentverki.

Prentstaður íslenskra bóka

Hlutfall prentunar hérlendis hefur

nú aukist á nýju, var 61,7% í fyrra en er 66,8% í ár. Hlutfall prentunar innanlands eykst því um 5,1% og það eru mikil gleðitíðindi.

Erlent samstarf

Samtök iðnaðarins skipulögðu í byrjun apríl heimsókn sérfræðinga í umhverfismálum frá samtökum norrænna blaðaútgefenda og prentsmiðja í tvö íslensk fyrirtæki í prentiðnaði og héldu fund með hópnum.

Fundur Nordisk Grafisk Råd var haldinn í Reykjavík 1. júlí. Slíkir fundir eru haldnir á tveggja ára fresti og þar koma saman menn úr fyrirtækjum í prentiðnaði og samtökum þeirra á Norðurlöndunum. Helstu umræðuefni voru breytingar á eignarhaldi í norrænum prentiðnaði, viðskiptahættir með stafrænan prentbúnað og tölfræðiupplýsingar. Á fundinum kynntu íslensku fulltrúarnir sérstaklega möguleika á samstarfi innan IPN og Xplor.

IPEX

Í vor gengust Samtök iðnaðarins fyrir hópferð á prentsýninguna IPEX í Birmingham líkt og undanfarin ár en IPEX er haldin fjórða hvert ár.

Prenttæknistofnun

Stofnunin stóð fyrir fjölda námskeiða á árinu auk þess að taka þátt í erlendu samstarfi, þ.a.m. vörðstefnu EGIN í Budapest, haustráðstefnu í Dublin og Xplor ráðstefnu í Anaheim en í maí stóðu Prenttæknistofnun og Xplor á Íslandi að ráðstefnu um breytileg gögn.

Samstarfi við Rafiðnaðarskólann um Margmiðlunarskólann var hætt en Iðnskólinn í Reykjavík tók yfir reksturinn sem verður með svipuðu sniði og var. Haldinn var stefnumótunarfundur með fulltrúum úr prent- og útgáfuiðnaði. Unnið var að gerð samnings við Menntamálaráðuneytið um vinnustaðanám í þessum greinum.

STÓRIÐJA

Alcan á Íslandi árið 2002

Um mitt ár var nafni Íslenska ál-félagsins hf. breytt í Alcan á Íslandi hf. Nýja nafnið vísar til móðurfélagsins, Alcan Inc., sem er fjölþjóðlegt álfyrirtæki með starfsemi í 38 löndum.

Lágt álverð á árinu setti mark sitt á reksturinn en meðalverðið var aðeins 1365 Bandaríkjadalir á tonnið og hafði ekki verið lægra í 9 ár. Þrátt fyrir það gekk rekstur Alcan á Íslandi gekk vel á árinu og hagnaður fyrir skatta nam 35,7 milljónum dollara.

Nýtt framleiðslumet

Enn einu sinni var sett nýtt framleiðslumet. Í kerskálum voru framleidd 173.528 tonn, sem var um 5.000 tonna aukning frá árinu 2001. Þar nam heildarframleiðsla tæpum 194.000 tonnum og fyrir þau fengust rúmir 27 milljarðar króna. Starfsemi Stóriðjuskólans var fram haldið af fullum krafti á árinu og í árslok hafði 101 nemandi lokið prófi frá skólanum. Stóriðjuskólinn hefur reynst fyrirtækinu vel og skilað bæði hæfari og ánægðari starfsmönnum. Hugmyndir um að stækka verksmiðju Alcan á Íslandi fengu meðbyr eftir að Skipulagsstofnun féllst á stækkun fyrir sitt leyti sl. sumar. Matskýrsla vegna umhverfisáhrifa stækkunarinnar í allt að 460.000 tonn á ári var send stofnuninni snemmsumars og felldi hún sinn úrskurð í lok júlí. Kærufrestur rann út 4. september án þess að nokkur kæra bærst. Enn er þó nokkur tími þar til hægt verður að taka ákvörðun um framhaldið og því óvíst hvort og þá hvenær ráðist verður í stækkun verksmiðjunnar í Straumsvík.

Steinull hf.

Heildartekjur Steinullarverksmiðjunnar hf. á síðasta ári námu um 737 millj. króna eða 2,5 % hærra en árið áður.

Heildarsala fyrirtækisins varð um 178 þúsund rúmmetrar, sem er nokkru minna en árið á undan en það var met-



Sveinn Hannesson

ár í sögu fyrirtækisins. Stærstu hluthafarnir, íslenska ríkið og sveitarfélagið Skagafjörður seldu allt sitt hlutafé í Steinullarverksmiðjunni og það er nú í eigu 5 aðila, BYKO, Húsasmíðjunnar og Kaupfélags Skagafyrðinga sem eiga 24,5 % hvert, félag starfsmanna á 15 % en Paroc Group á nú 11,5 %. Þá hefur nafni fyrirtækisins verið breytt og heitir það nú Steinull hf.

Kísiliðjan hf.

Rekstur Kísiliðjunnar hf. gekk vel á árinu 2002. Salan nam 27.680 tonnum sem var nokkuð umfram áætlun. Rekstrarafkoma fyrirtækisins var góð. Fjárfestingar voru litlar og takmörkuðust við nauðsynlega endurnýjun á tækjum og búnaði. Í febrúar 2002 tók Kristján Björn Garðarsson, verkfræðingur, við starfi framkvæmdastjóra Kísiliðjunnar en þá lét Gunnar Örn Gunnarsson af störfum.

Í rekstraráætlun fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir lakari afkomu en á árinu 2002 vegna óhagstæðrar þróun á gengi gjaldmiðla, hækkun á innlendum kostnaði og minni sölu. Norska fyrirtækið Promeks ASA undirbýr byggingu nýrrar kísilduftverkmiðju sem fyrirhugað er að reisa á lóð Kísiliðjunnar. Allied Efa hf., sem er eigandi Kísiliðjunnar, á 54% hlut í Promeks. Áætlunum um byggingu kísilduftverkmiðjunnar hefur seinkað nokkuð en stefnt er að því að framkvæmdir geti hafist árið 2003.

Sementsverksmiðjan hf.

Sementsalan varð um 82.250 tonn sem er um 34% minna en árið áður. Verulegur samdráttur varð í flestum þáttum framkvæmda á árinu. Rekstur fyrirtækisins var mjög erfiður á árinu. Framleiðslugeta brennsluofnsins var ekki fullnýtt undir lok ársins. Gera má ráð fyrir að umsvif í byggingariðnaði fyrri hluta ársins 2003 verði svipuð og árið áður en meiri óvissa ríkir varðandi síðari hluta ársins.

Íslenska járnblendifélagið hf.

Árið 2002 voru allir þrír ofnar Íslenska járnblendifélagins í fullum rekstri allt árið. Framleiðslan var 118.810 tonn af 75% kísiljárn og 22.578 tonn af kísilyki. Framleiðsla kísiljárns jókst um 5% frá fyrra ári og var þetta mesta framleiðsla á einu ári í sögu félagsins. Framleiðsla á verðmeiri afurðum, einkum hreinsuðum málm, var um 23% af heildarframleiðslu. Í fyrsta sinn var framleitt með góðum árangri tandurhreint kísiljárn, efni með afar lágu títan innihaldi. Sala á afurðum var góð allt árið, bæði á kísiljárn og kísilyki. Verð á kísiljárn var mjög lágt allt árið.

Stöðugt aðhald var í rekstri og leitað leiða til að lækka rekstrarkostnað við viðvarandi erfiðar markaðsaðstæður og lélega afkomu. Það er stefna félagsins að einbeita sér að kjarnastarfsemi, þ.e. beinni framleiðslu, og kaupa að sem mest af þjónustu. Starfsmönnum félagsins fækkaði því talsvert á árinu, voru 110 í lok árs en 145 í byrjun. Á Grundartangasvæðinu starfa nú nokkur fyrirtæki sem félagið kaupir þjónustu af. Í desember keypti Elkem ASA 10,49% hlut ríkis í félaginu og gerði öðrum hluthöfum tilboð um kaup á þeirra hlut. Verði af þeim kaupum verður eignarhlutur Elkem 97,2%.

UPPLÝSINGATÆKNIIDNAÐUR

Starfsskilyrðamál

Á síðasta starfsári var tekið á fjölda mála sem snerta starfsskilyrði greinarinnar og snúa að opinberum aðilum. Nokkur skriður komst á svokallað VSK mál og miklar vonir eru bundnar við að viðunandi lausn fái á þessu brýna hagsmunamáli greinarinnar. Gerðar voru nokkrar athugasemdir við svokallaða ríkisvæðingu í upplýsingatækni sem er sú tilhneiging opinberra fyrirtækja að þenja út eigin deildir sem sinna hugbúnaðargerð og annarri upplýsingatæknivinnu.

Stefnumótun UT-iðnaðar

Vinnufundur um framtíðarsýn og stefnumótun UT-iðnaðar var haldinn í byrjun ársins en þá voru liðin fjögur ár síðan sambærilegur vinnufundur var haldinn. Þátttaka var mjög góð. Um 35 fulltrúar úr helstu UT fyrirtækjum landsins auk nokkurra fulltrúa úr stjórnsýslu tóku þátt í starfinu.

Samstarf SÍH og Ríkiskaupa

Vinnuhópur á vegum SÍH og Ríkiskaupa, sem komið var á fót til að gera tillögur að bættu verklagi við opinber útboð á hugbúnaðarkerfum, skilaði tillögum sínum á árinu. Markmiðið var að tillögurnar yrðu til hagsbóta fyrir kaupendur og seljendur en talsverð óánægja hefur verið með framkvæmd ýmissa opinberra útboða á sviðinu.

Samstarf SÍH og ÚÍ

Útflutningsráð og Samtök iðnaðarins áttu margvíslegt samstarf og stóðu m.a. saman að útgáfu almenns kynningarbæklings á ensku um hugbúnaðariðnað á Íslandi.

Samstarf SÍH og verkfræðideildar HÍ

Í lok árs var samstarfssamningur Verkfræðideildar Háskóla Íslands og Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrir-



Guðmundur
Ásmundsson

„Nokkur skriður komst á svokallað VSK mál og miklar vonir eru bundnar við að viðunandi lausn fái á þessu brýna hagsmunamáli greinarinnar. Gerðar voru nokkrar athugasemdir við svokallaða ríkisvæðingu í upplýsingatækni sem er sú tilhneiging opinberra fyrirtækja að þenja út eigin deildir sem sinna hugbúnaðargerð og annarri upplýsingatæknivinnu.“

tækja endurnýjaður en markmið samningsins er að efla kennslu og auka gæði náms í hugbúnaðarverkfræði- og tölvunarfræðum við verkfræðideild en einnig að efla tengsl íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja og deildarinnar.

Vinnuhópur um þekkingarreikningsskil

Vinnuhópur hefur unnið að gerð svokallaðrar þekkingarskýrslu. Hópurinn hefur sett sér það markmið að semja leiðbeiningar um innihald þekkingarskýrslu og hvaða stöðluðu mælingar á þekkingarauði þurfi að framkvæma.

Agora sýningin

Samtök iðnaðarins og starfsgreinahópur í upplýsingatækniidnaði innan þeirra stóðu fyrir ýmsum viðburðum á Agora, fagsýningu þekkingariðnaðarins, sem haldin var í Laugardalshöll 10. - 12. október. Haldið var málþing um stefnu stjórnmalaflokkanna varðandi uppbyggingu UT-iðnaðar og ráðstefna um upplýsingatækni í þjónustu opinberra aðila.

Aðalfundur SÍH

Aðalfundur starfsgreinahóps í upplýsingatækniidnaði var haldinn á Agora sýningunni en þar voru m.a. kynntar niðurstöður úr framtíðarsýn og stefnu UT-iðnaðar. Í stjórn starfsgreinahópsins voru kosnir:

Ingvar Kristinnsson, Landsteinum Ísland, formaður, Páll Freysteinnsson Hug, Ágúst Guðmundsson, Tölvumiðlun, Garðar Jóhannsson Streng, Guðni B. Guðnason ANZA, Guðmar Guðmundsson, Tölvumyndum og Davíð Stefánsson Vef – samskiptalausnum.

Starfsgreinahópsfundir

Haldnir voru nokkrir starfsgreinahópsfundir á árinu, s.s. fundur um réttarstöðu fyrirtækja gagnvart fyrrverandi starfsmönnum, kynningarfundur um niðurstöður starfshóps SÍH og Ríkiskaupa og kynningarfundur fyrir iðnaðarráðuneytið um stefnu og áherslur UT-iðnaðar.

Nýtt vefsetur UT-iðnaðar

Á stefnumótunarfundi UT-iðnaðar kom m.a. fram að brýnt væri að bæta ímynd greinarinnar með því að birta jákvæðar fréttir úr henni og vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar. Liður í því er undirbúningur að gerð öflugra fréttar-, upplýsinga- og ímyndarvefseturs íslensks upplýsingatækniidnaðar.

ÞJÓNUSTUIÐNAÐUR

Nýir starfshættir

Margt hefur verið þjónustuiðnaði mótdrægt á síðustu árum en til þjónustuiðnaðar heyra ljósmyndun, hárgreiðsla, snyrtifræði, fataiðn, tannsmíði, úrsmíði og gullsmíði, auk fámennari greina sem ekki hafa með sér félag. Á vettvangi SI hefur á árinu farið fram mikil endurskoðun á starfi því sem unnið er fyrir þjónustuiðnaðinn.

Starfsmenn SI hafa hitt stjórnarmenn allra félaganna á sérstökum fundum um afmörkuð málefni og haldnir hafa verið stórir sameiginlegir fundir. Stefnt er að því að ýta úr vör starfi með nýju sniði næsta haust.

Stefnumótun í menntamálum

Starfsgreinahópur í þjónustuiðnaði hélt árangursríkan hugstormunarfund um menntamál. Margar hugmyndir komu fram. Mest áhersla var lögð á endurmenntun, meistaralaun fyrir kennslu í fyrirtækjum og aukna gæðavitund og vörupækkingu viðskiptavina. Menn lærðu hver af öðrum og niðurstöður forgangsröðunar nýttast bæði félögunum og SI í daglegu starfi. Stefnt er að því að halda áfram á sömu braut en menntamálin brenna á fólki og flest önnur málefni virðast, þegar allt kemur til alls, snúast um menntamál.

Gæðastjórnun

Öll félögin sjö, Félag meistara og sveina í fataiðn, Ljósmyndarafélag Íslands, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Meistarafélag í hárgreiðslu, Félag íslenskra gullsmiða og Úrsmiðafélag Íslands hafa þegið boð SI um liðsinni við gerð gæðahandbókar fyrir félögin. Í þeim er verkswið stjórnarmanna skilgreint og starfinu sett markmið. Þetta hefur gefist afar vel og er liður í að samhæfa starf SI og starf aðildarfélaga. Gæðahandbækurnar verða aðgengilegar á Netinu og munu án efa gera



Krístrún Heimisdóttir

„Mest áhersla var lögð á endurmenntun, meistaralaun fyrir kennslu í fyrirtækjum og aukna gæðavitund og vörupækkingu viðskiptavina.“

sýnilegra hið óeigingjarna starf stjórnarmanna og forystumanna félaganna.

Þjónusta við einyrkja og smáfyrirtæki

Innan aðildarfélaga SI í þjónustuiðnaði eru fjölmargir einyrkjar og eigendur lítilla fyrirtækja. Þátttaka í samtökum atvinnurekenda finnst þeim sum-um hverjum ekki sjálfsagt mál, sérstaklega þeim sem sjaldnast hafa menn í vinnu. Á árinu fjölgaði einkahlutafélögum mjög mikið í kjölfar breytinga á skattaumhverfi og nú hyggjast Samtök iðnaðarins bjóða eigendum slíkra fyrirtækja aukna þjónustu. Hún miðar að því að liðsinna og

gera aðgengilegar upplýsingar m.a. um starfsleyfi ofl. skilyrði hins opinbera og gera fólki kleift að bæta þekkingu sína og hæfni til atvinnurekstrar.

Úrsmiðafélagið 75 ára

Úrsmiðafélag Íslands fagnaði 75 ára afmæli í október. Félagið hefur tekið virkan þátt í starfi Samtaka iðnaðarins allt frá stofnun SI og áður í starfi Landssambands iðndarmanna. Afmælinu var fagnað í nýjum húsakynnum SI að Borgartúni 35. Félagsmenn eru á fimmta tuginn en starfandi úrsmiðir sautján á landinu öllu. Formaður félagsins er Frank Ú. Michelsen úrsmiðameistari. Á afmælisári mótaði félagið framtíðarsýn til ársins 2007 með aðstoð starfsmanna SI.

Höfundarréttarmál ljósmyndara

Ljósmyndarafélag Íslands hefur starfað af auknum krafti á árinu. Á síðustu árum hafa aðferðir og tækni við vinnslu og varðveislu ljósmynda tekið grundvallarbreytingum. Stafræn tækni opnar nýja möguleika til að breyta og endurnýta myndir. Ljósmyndarafélagið gaf út bækling um höfundarrétt, Litla höfundarréttarkverið, sem var dreift til helstu viðskiptavina ljósmyndara með hjálp SI.

VEIÐARFÆRAIÐNAÐUR

Landssamband veiðarfæragerða

Á aðalfundi Landssambands veiðarfæragerða var auk venjubundinna aðalfundarstarfa fjallað um ýmis mál greinarinnar s.s. fræðslu- og réttindamál. Á fundinum var hugbúnaðurinn Taxi II kynntur fyrir félagsmönnum.



Ólafur Kjartansson

Rætt var um að endurtaka námskeið um tölvuteiknikerfi fyrir veiðarfæragerðir.

SI ÖFLUGUR BAKHJARL Í SÍBREYTTILEGU UMHVERFI



MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Markaðssvið Samtaka iðnaðarins (MSI) starfar á þverfaglegum grunni fyrir starfsgreinar og aðildarfyrirtæki SI. Á markaðs-sviði er unnið að hugmyndum, hönnun, ráðgjöf, áætlanagerð, skipulagningu og framkvæmd markaðs- og kynningarverkefna hvers konar. MSI hannar og skipuleggur innlendir og alþjóðlegar ráðstefnur og sýningar ásamt því að taka þátt í ýmsum verkefnum á sviði upplýsingamiðlunar, hönnunar og þróunar innanlands og utan.



Brynjar Ragnarsson

Átaksverkefni

MSI má einna helst líkja við auglýsingastofu þar sem viðskiptavinurinn getur fengið alhliða þjónustu og ráðgjöf á sviði markaðs- og kynningarmála. MSI er í góðu sambandi við fjölmiðla, prentsmiðjur og sérhæfð fyrirtæki á sviði almannatengsla og markaðssetningar og SI og aðildarfélög njóta þess við framkvæmd hvers kyns átaksverkefna. Meðal helstu átaksverkefna 2002 má nefna:

Láttu ekki rúlla yfir þig - Málameistarar, framleiðendur og SI
Við höfum sérstöðu í heiminum - Ímynd byggingariðnaðar
Skiptu við meistaran - Kynning á aðildarfélögum SI á CN
Kynntu þér kosti aðildar að SI - Kynning til UT-fyrirtækja
Ertu með framhaldið á hreinu? - Kynning á Iðunni til ungs fólks
Kröfur um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir - SI o.fl.
Veljum íslenskt - SI

Hönnun

Á markaðssviði SI er mikil reynsla og þekking í hönnun auglýsinga- og kynningarefnis, blaða- og tímarita og sjónvarps- og útvarpsfnis svo að fátt eitt sé nefnt. Mikið er leitað til MSI eftir hönnun hvers konar og óhætt að segja að þaðan komi margar af þeim hugmyndum sem verða að veruleika á vettvangi SI og aðildarfélaga þess. Meðal helstu hönnunarverkefna 2002 má nefna:

SI: Nýtt merki Samtaka iðnaðarins

SI: Nýtt bréfsfni, umslög, reikningar, kynningarefni, auglýsingar
Starfsgreinahópar SI og samstarfsvettvangar: Framtíðarsýnir
Construct North 2002: Auglýsingar, kynningarefni, bás SI
Health Technology & Science Exhibition: Auglýsingar, kynningar
Matartíminn Kaupstefna: Merki og kynningarefni
UT-iðnaðurinn á Agora: Kynningarefni um UT-iðnaðinn, bás SI
Ráðstefnur SI á árinu: Auglýsingar og kynningarefni
Ný íþrótt- og sýningarhöll í Laugardal: Hönnun og ráðgjöf



Sýningarárið mikla

Óhætt er að segja að mikið hafi verið lagt í innlendir og alþjóðlegar fagsýningar, fyrirtækjastefnumót og kaupstefnur árið 2002. Mikil þróun á sér stað í sýningarhaldi á Íslandi, þátttakendur eru meðvitaðri um mikilvægi þeirra og árangurinn eykst ár frá ári. Helstu sýningar ársins 2002 voru:

Construct North 2002 - Byggingadagar SI: Fagsýning í feb/mar
Health Technology & Science Exhibition 2002: Fagsýning í júní
Matartíminn 2002 - Kaupstefna: Fagsýning í september
UT-iðnaðurinn á Agora 2002: Fagsýning í október
Evrópuhús 2002: Fagsýning í nóvember

UM NÝTT MERKI SAMTAKA IÐNAÐARINS



Við hönnun merkisins var haft að leiðarljósi að ná fram samsvörun við eftirfarandi lýsingu á SI: **Samtök iðnaðarins eru framsækin og vel upplýst heildarsamtök iðnaðar á Íslandi. Þau ganga hreint til verks og eru kraftmikil í málflutningi sínum. SI eru sterk stoð fyrir aðildarfyrirtæki og atvinnulífið í landinu. SI = Sterkur bakhjarl í síbreytilegu umhverfi.**

Veitt ráðgjöf og aðstoð

Fjölmarginir aðilar leituðu eftir ráðgjöf og aðstoð MSI á sviði markaðs- og kynningarmála á árinu 2002 en meðal þeirra má nefna:

Hagsmunafélag um eflingu verk- og tækni menntunar
Heilbrigðistæknivettvangur
Landssamband bakarameistara
Landssamband veiðarfæragerða
Rannsóknarráð Íslands
Umsjónaraðilar Europe's 500 á Íslandi

Ráðstefnur, málþing og námskeið

Mikið var um ráðstefnur og málþing á árinu 2002 en MSI kom að skipulagningu og framkvæmd þeirra auk markaðssetningar og kynningar í fjölmiðlum. Þeirra á meðal má nefna:

Útboðsþing 2002 - Verklegar framkvæmdir: Ráðstefna í janúar
Gæðastjórnun meðal opinberra aðila: Ráðstefna í febrúar
Stjórnunaraðferðir og möguleg útrás í bygg.iðn. - Ráðstefna í feb
Markaðsaðgangur að EES og CE-merkingar: Ráðstefna í mars
Hönnun á norðurslóðum: Ráðstefna í mars
Iðnþing 2002: Ráðstefna í mars
Nýr starfsgreinahópur SI í heilbrigðistækni iðnaði: Fundur í júní
Merking fullveldis á 21. öldinni - Viðhorf frá Íslandi: Ráðst. í sept.
UTS-2002 - Upplýsingatækni í þjónustu opinb. aðila: Ráðst. í okt.
Hver er framtíð UT-iðnaðar á Íslandi? Ráðstefna í október
Sýningartækni og markaðssetning: Námskeið í febrúar og júní

Markviss miðlun

Á vegum MSI var unnið markviss að rafrænni kynningu og miðlun upplýsinga um aðildarfyrirtæki SI til fyrirtækja, stofnana og almennings hérlendis sem og að koma grunnupplýsingum um þá inn í helstu upplýsingamiðla og gagnagrunna á Íslandi fyrirtækjunum að kostnaðarlausu. MSI tók jafnframt þátt í uppbyggingu alþjóðlegs sölu- og markaðsseturs á vöru og þjónustu íslensks iðnaðar í samráði við aðra starfsmenn SI. Meðal vefsetra sem MSI skipuleggur og/eða kemur að þróun og uppbyggingu má nefna:

Meistarinn.is - þar sem þú finnur fagmanninn: Markaðsvefur
Mannvirki.is: Vefsetur íslensks byggingariðnaðar og CN
Products.is (alþjóðlegur): Sölu- og markaðsvefur íslensks iðnaðar
Aðrir vefir á vegum SI: Iðan.is, GSI.IS, SI.IS og UT.IS

Verkefni í undirbúningi

Að lokum er rétt að minnst á nokkur verkefni sem MSI hefur verið og/eða er að undirbúa:

Medía@SI - Stofnun nýs starfsgreinahóps SI í upplýs. og fjölm.gr.
Construct North 2005 - Alþj.l. ráðstefna, sýning o.fl. í apríl 2005
Free Press & Print 2005 - Alþj.l. ráðstefna, sýning o.fl. í maí 2005
Námskeið: Markaðsmál og kynning - Aðeins fyrir aðildarfyrirtæki
Þjónusta: Greining og ráðgjöf - Aðeins fyrir aðildarfyrirtæki
Þjónusta: Markhópar og miðlun (DM) - Aðeins f. aðildarfyrirtæki
Verkefni: Fyrirtæki til fyrirtækis (B2B) - Aðeins f. aðildarfyrirtæki
Verkefni: Hagnýt hönnun í iðnaði (NDP) - Kynning, námsk, ráðgj

MENNTAMÁL

Árið 2002 lögðu Samtök iðnaðarins áherslu á að iðn- og verkmenntun yrðu sköpuð skilyrði við hæfi. Á sama tíma og fyrirtæki í iðnaði eru í vaxandi þörf fyrir iðnaðarmenn fækka þeim sem ljúka sveinsprófi jafnt og þétt. Vöxtur og útrás íslenskra iðnfyrirtækja eiga allt sitt undir því að fleira hæfileikaríkt fólk leggi fyrir sig nám í iðngreinum og verk- og tækni-fræði. Töluvert átak hefur verið gert til að fjölga verk- og tæknifræðingum. Það starf er að skila árangri.

Málþing um iðn- og verkmenntun

„Er iðnmenntun óþörf eða órjúfanlegur hluti þekkingarsamfélagsins?“ var yfirskrift málþings SI í apríl 2002 sem hafði það meginmarkmið að vekja athygli á vaxandi þörf fyrir iðnmenntað fólk. Sveinsprófum hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 1980 en á sama tíma hefur eftirspurn eftir iðnmenntuðu fólki aukist stig af stigi. Menntamálaráðherra flutti ávarp í upphafi málþingsins. Fulltrúar fyrirtækja, félaga og ráðuneytis fluttu framsöguerindi, þar af gestur frá Danskri industri, Ole Christensen.

Um 140 manns sóttu þingið. Mikil aðsókn staðfestir að um er að ræða málefni sem varðar marga. Mál manna var að mikil þörf væri fyrir iðnmenntun en hins vegar gengi hægt að skipa henni þann sess sem henni ber. (Sjá nánar: www.si.is/utgafa/)

Iðnskólafélagið

Iðnskólafélagið hefur starfað í rúmum árum. Tilgangur félagsins er að vera bak-hjarl iðnmenntunar á Íslandi með sérstaka áherslu á Iðnskólann í Reykjavík. Félagið hefur sett sér markmið í anda laganna. Meðal verkefna er að skipuleggja heimsóknir kennara til fyrirtækja og heimsóknir fyrirtækja í skóla. Með þessum hætti er vonast til að skilningur aukist hjá þessum aðilum fyrir gagnkvæmum hagsmunum. Ákveðið



Ingi Bogi Bogason

„Vöxtur og útrás íslenskra iðnfyrirtækja eiga allt sitt undir því að fleira hæfileikaríkt fólk leggi fyrir sig nám í iðngreinum og verk- og tæknifræði.“

hefur verið að Iðnskólafélagið starf-ræki sjóð til að styrkja kennara til að afla sér faglegrar endurmenntunar.

Menntastofnanir iðnaðarins í deiglu

Samtök iðnaðarins eiga hlutdeild í Menntafélagi byggingariðnaðarins, Fræðsluráði málmiðnaðarins, Prent-tæknistofnun og Fræðsluráði hótél- og matvælagreina. Þessi félög bjóða faglega endurmenntun í sínum starfs-greinum auk þess sem þau selja öðrum ýmsa þjónustu, m.a. menntamálaráðuneyti. Félagin búa yfir mikilli þekkingu og færni á sínu sviði. Árið 2002 óx starfsemi þeirra ekki eins hratt og undanfarin ár en segja má að þau hafi nú náð æskilegu jafnvægi í starfsemi. Ljóst er að félagin eiga ýmissa sameiginlegra hagsmuna að gæta sem mikilvægt er að þau vinni nánar að.

Stjórn Samtaka iðnaðarins hefur beint því til stjórnna viðkomandi félaga að þeim verði breytt í einkahlutafélög þannig að ábyrgð eigenda á rekstrinum verði skýr og afmörkuð. Jafnframt er því beint til stjórnarmanna, sem sitja fyrir hönd SI í stjórnnum hvers konar

félaga, að þeir gangi ríkt eftir því að eðlilega sé staðið að rekstrinum, t.d. varðandi opinbera skráningu, endurskoðun og veitingu prókúruumboða.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – nýtt samstarf

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er í burðarliðnum. Eigendur FA eru Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands. Tilgangur FA er að vera samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Mikilvægt er að menntastofnanir iðnaðarins nýti sér þjónustu FA.

MENNT

MENNT – Samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla hefur starfað í rúm tvö ár. Að Mennt standa samtök atvinnurekenda og launafólks, framhaldsskóla- og háskólastigið. Mennt hefur unnið að verkefnum á sviði starfsmenntunar, m.a. unnið evrópsk verkefni á sviði starfsmenntunar og þjónað opinberum aðilum á því sviði.

Samtök iðnaðarins vænta þess að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Mennt vinni náið saman um mörg verkefni.

Verk- og tækni-menntun á háskólastigi

Samtök iðnaðarins, Háskóli Íslands, Tækniskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands reka sokað Hagsmunafélag um eflingu verk- og tækni-menntunar á háskólastigi. Markmiðið er m.a. að mæta þörf fyrirtækja fyrir slíka menntun.

Hagsmunafélagið telur mikilvægt að vekja áhuga ungs fólks á raungreinum. Í því skyni hefur það veitt grunn-skólum viðurkenningu fyrir gott starf á

sviði raungreina. Á síðasta ári veitti Hagsmunafélagið tveim grunnskólum viðurkenningu: Álfamýrarskóla fyrir hæstu meðaleinkunn 10. bekkjar í stærðfræði og Reykhólaskóla fyrir hæstu meðaleinkunn sl. þrjú ár.

Starfsmenntaráð í tíu ár

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytis hefur starfað rúman áratug en lög um það voru sett 1992. Í ráðinu eiga sæti fulltrúar ráðuneytisins, launþegasamtaka og atvinnurekendasmataka en þeir síðasttöldu eru allir skipaðir af SA. Einn þriggja fulltrúa SA kemur frá SI. Starfsmenntaráð hefur gegnt mikilvægu brautryðjendahlutverki í þjónustu við starfsmenntun í landinu.

Samstarf SI við menntamálaráðuneytið

Samtök iðnaðarins hafa átt viðræður við menntamálaráðuneytið um nauðsyn þess að marka stefnu í iðn- og verkmenntun til næstu ára. Starfsgreinaráðin hafa verið misafkastamikil enda hafa sum þeirra ekki haft aðgang að þjónustu sem skyldi. Hægt hefur gengið hjá ráðuneytinu að samþykkja tillögur sumra ráðanna. Fulltrúar atvinnulífsins í starfsgreinaráðunum eru óánægðir með seinleg vinnubrögð menntamálaráðuneytisins. Samtök iðnaðarins hafa spurt: Hver er stefna

menntamálaráðuneytisins með starfsemi starfsgreinaráðanna næstu fjögur árin? Hverju eiga þau að hafa náð fram? Hvenær eiga nýjar námskrár að koma til framkvæmda? Ekki hafa borist svör frá menntamálaráðuneytinu við þessum spurningum Samtaka iðnaðarins.

Fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu

Samtök iðnaðarins hafa tekið þátt í vinnu starfshóps menntamálaráðuneytisins sem undirbýr tilraun um nýtt fyrirkomulag vinnustaðakennslu. Kjarninn í hugmyndinni er að bæta vinnustaðakennslu, gera skilgreindar kröfur til kennslufyrirtækja og skýra fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu. Samkvæmt könnun Samtaka iðnaðarins, sem gerð var fyrir nokkrum missirum, verja fyrirtæki um 260 milljónum króna árlega til vinnustaðakennslu. Laun nema eru ekki í þessari tölu. Vinnuhópur menntamálaráðuneytis um málið gerði tillögu til ráðherra um sérstakan samning milli ráðuneytis og Samtaka iðnaðarins um skipulag tilraunarinnar. Menntamálaráðherra hefur hins vegar ákveðið að vinna að málinu með öðrum hætti. Fyrir liggur ríkisstjórnarsamþykkt um fjárframlag í sérstaka tilraun um starfsnáms á vinnustöðum.

Menntun ófaglærðra í farvegi

Sérstöku menntasamstarfi atvinnurekenda og launafólks fyrir ófaglærða var hleypt af stokkunum árið 2000. Starfsafl og Landsmennt eru sameiginlegir sjóðir SA og verkalýðsfélaga um þennan málaflokk. Fyrirtæki í málm-iðnaði, byggingariðnaði og matvæla-iðnaði hafa m.a. notið þjónustu á þessu sviði. Samningur um þetta samstarf, sem hefur mælst vel fyrir hjá fyrirtækjum SI, rennur út í lok þessa árs.

Reiknilíkan verkmenntaskóla í brennidepli

Samtök iðnaðarins boðuðu í nóvember til fréttamannafundar um reiknilíkan menntamálaráðuneytisins og áhrif þess á iðn- og verknám. Að mati nokkurra skólameistara eru reiknistuðlar, sérstaklega varðandi iðn- og verknám, ekki í samræmi við raunverulegan kostnað. Á fundinum lýsti Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, ásamt þremur skólameisturum, áhyggjum sínum af áhrifum reiknilíkansins á framtíð iðnnáms. Í kjölfarið lofaði Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra, að tekið yrði sérstakt tillit til verkmenntaskólanna og að fjárhagsvanda framhaldsskólanna vegna ársins 2002 yrði mætt að fullu.

GÆÐAMÁL OG STAÐLAR

Gæðastjórnun í iðnaði

Mikilvægur áfangi í gæðastjórnun við mannvirkjagerð náðist á árinu þegar helstu opinberu verkkaupar landsins samræmdu kröfur sínar um gæðastjórnun eins og þeir birta þær í útboðgögnum. Samtök iðnaðarins, sem eiga þátt í þessu samstarfi, tóku að sér að útfæra og halda námskeið til að kynna kröfurnar og þjálfá notkun gæðastjórnunar við verklegar framkvæmdir. Á annað hundrað manns frá verkkaupum, verktökum, hönnuðum sem og einstaklingar á eigin vegum



Ferdinand Hansen



Davíð Lúðvíksson

sóttu námskeiðin. Nú þegar sést verulegur árangur af þessu starfi og eru verktakar jafnt sem eftirlitsaðilar farnir að vinna samkvæmt kröfum sem þeir kannast við og þekkja. Væntanlega

líður nokkur tími þar til allir aðilar eru orðnir fullþjálfaðir í að vinna með svo markvissum stjórnunaraðferðum sem gæðastjórnun býður.

En góðir hlutir vinnast hægt og Samtök iðnaðarins ásamt verkkaupunum eru staðráðin í að láta ekki deigan síga fyrr en fullnaðarsigur er unnin í þessu þrepi og hægt er að stíga skrefið upp á næsta þrep til enn markvissari vinnubragna.

Ráðgert er að halda námskeið í öllum landsfjórðungum á næstu misserum og nú hafa verið skipulögð námskeið á Akureyri, Egilstöðum,

Selfossi og á Ísafirði. Nánari upplýsingar um námskeiðin og fl. um framgang innleiðingar gæðastjórnunar má finna á vefsetri SI um gæðamál www.gsi.is

Enn fleiri fyrirtæki bættust í hóp þeirra sem tekið hafa þátt í átaki SI um innleiðingu gæðastjórnunar og nú hafa tæplega 70 aðildarfyrirtæki SI tekið þátt í þessum verkefnum, mörg með frábærum árangri.

Gæðakerfi SI

Samtök iðnaðarins hófu að byggja eigin gæðakerfi á síðasta ári. Ákveðið var að taka kerfið í notkun strax í upphafi og byggja það upp í samræmi við þarfir og verkefni á hverjum tíma. Þetta hefur gefist mjög vel og orðið til þess að hvatinn til áframhaldandi uppbyggingar kemur að innan. Kerfið varð frá fyrsta degi gagnlegt hjálpartæki við daglegan rekstur Samtakanna.

Staðlaráð

SI hafa frá upphafi átt fulltrúa í stjórn Staðlaráðs Íslands og tekið

virkan þátt í starfi flestra fagráða og fagstjórna þess sem starfa á sviði á byggingariðnaðar, upplýsingatækni, raftækni, véltækni, auk gæða- og umhverfisstjórnunar. Á síðasta ári kom fram nýtt frumvarp um staðla og Staðlaráð en með því eru auknar skyldur lagðar á Staðlaráð Íslands. Aðild Íslands að EES-samningnum frá árinu 1992 lagði m.a. þær skyldur á íslensk stjórnvöld að taka upp svonefndar nýaðferðartilskipanir þar sem hlutverk staðla í íslenskum réttarheimildum og samfélaginu almennt varð mun veigameira en áður. Þróunin síðustu tíu ár hefur orðið sú að notkun staðla í stað hefðbundinna reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla hefur reynst vel og eru staðlar nú teknir upp á sífellt fleiri sviðum.

Þessi þróun kallar á að hlutverk Staðlaráðs Íslands sé fest betur í sessi og sömuleiðis er nauðsynlegt að kveða á um tilvist fagstaðlaráða þar sem fram fer hið faglega starf sem staðlar byggjast á. Einnig þarf að kveða nánar á um hvernig rekstri Staðlaráðs skuli háttað

þar sem það er opinber vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun þótt það sé ekki opinber stofnun. Þá er nauðsynlegt að fram komi í lögum með hvaða hætti starfsemi Staðlaráðs skuli fjármögnuð.

Íslenska og Evrópska ánægjuvugin

Samtök iðnaðarins eiga hlutdeild í Íslensku ánægjuvuginni sem er félag í eigu SI, Stjórnvísí og Gallup um þátttöku í Evrópsku ánægjuvuginni. Markmið félagsins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina. Að loknu þriggja ára uppbyggingarstarfi hefur verið unnið að því að því að festa þessar mælingar enn frekar í sessi. Tíu fyrirtæki bættust í hóp þeirra 15 sem fyrir voru í þessum mælingum á síðasta ári.

EINKALEYFI OG HUGVERK

Samtök iðnaðarins líta á það sem verkefni sitt að byggja upp þekkingu á réttarumhverfi fyrirtækja á Íslandi. Þetta umhverfi hefur tekið stakka-skiptum á stuttum tíma. Nú er réttarumhverfið alþjóðlegt og í örri þróun sem miklu skiptir að halda í við. SI leggja sérstaka áherslu á útboðsrétt, samkeppnisrétt, hugverka- og einkaleyfa rétt og réttarkerfi ESB og EES. Í þróun eru nýjar leiðir til að miðla þekkingu til aðildarfyrirtækja, t.d. á vefsetri SI og nýjar leiðir til að efla lögfræðirannsóknir á þeim sviðum sem varða atvinnulífið mestu.

Útboðsmarkaður hefur vaxið ört á undanförunum árum. SI fylgja grannt með viðskiptaháttum á þeim markaði í gegnum félagsmenn sína og hafa á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að styrkja þar almennar leikreglur. Útboðsmarkaðurinn þarf að vera heil-



Kristrún Heimisdóttir

brigður markaður. Við höfum þegið reglur um opinber innkaup frá EES og á árinu voru stigin mikilvæg skref með samþykkt Innkaupareglna Reykjavíkurborgar og endurskoðun ÍST-30 sem brátt mun líta dagsins ljós. Jafnframt er ljóst að margt er enn ógert á þessu sviði. Við getum í senn lært af reynslu nágrannaþjóða og skilgreint betur einkenni markaðarins hér á landi. Þá er einnig ljóst að félagsmenn í SI þekkja ekki nógu vel rétt sinn, t.d. er ÍST-30

ekki hafður við höndina hjá öllum og alltaf, sem þó er sjálfsagður hlutur.

Ör þróun íslensks framleiðslu-iðnaðar hefur leitt til þess á síðustu árum að vernd hugverka og einkaleyfi eru brýnna viðfangsefni íslenskra fyrirtækja en áður. Umsvif á þessu sviði hafa stórukist á Íslandi undanfarið og SI hyggjast mæta nýrri þörf með aukinni áherslu á hugverkaréttindi og einkaleyfi í störfum sínum í nánú samráði við þau fyrirtæki sem á þurfa að halda.

Lögvernduð iðnréttindi eru eitt helsta viðfangsefni lögfræðings SI. Þar er að mörgu að hyggja og brýnt að styrkja iðnréttindin í sessi á breyttum tímum.

Fagmennska er þar lykilorð sem og að verja almenning fyrir fúski og gölluðum verkum.

NÝSKÖPUN OG ÞRÓUN

Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar

Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar átti hefur nú starfað í átta ár. Vettvangurinn styður samstarfsverkefni fyrirtækja í iðnaði og sjávarútvegi og hefur tekist að festa sig í sessi sem góður grundvöllur að samstarfi ólíkra aðila sem tengjast sjávarútvegi og fiskvinnslu. Á síðasta ári vann nefnd á vegum sjávarútvegsráðherra metnaðarfullar tillögur um aukið vinnsluvirði sjávarútvegs. Vettvangurinn hefur fylgst vel með þessari vinnu. Ef tillögur nefndarinnar ná fram að ganga er ekki annað að sjá en það muni styrkja enn frekar það starf sem vettvangurinn hefur staðið fyrir.

Aðilar Samstarfsvettvangs sjávarútvegs og iðnaðar eru: SI, Samtök fiskvinnslustöðva, LÍÚ, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, sjávarútvegsráðuneytið og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Ráðstöfunarfé vettvangsins er um 10 milljónir kr. á ári.

Heilbrigðistæknivettvangur

Starfsemi heilbrigðistæknivettvangs, sem hófst árið 2000 sem þriggja ára verkefni, hefur gengið vel. Lögð hefur verið áhersla á að þróa samstarfsform fyrirtækja og stofnana, auk menntamála og almennra samstarfsverkefna. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að leiða saman fyrirtæki og aðila innan heilbrigðiskerfisins á öllum sviðum heilbrigðistækni. Vettvangurinn stóð fyrir alþjóðlegri sýningu á sviði heilbrigðistækni í Smáralind sl. sumar í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Heilbrigðistæknifélagið og fleiri. Þá stóð Vettvangurinn fyrir þátttöku á Medica sýningunni í Düsseldorf í nóvember ásamt Útflutningsráði og nokkrum fyrirtækjum á sviðinu. Í tengslum við sýninguna og norrænt samstarf á sviðinu hefur vettvangurinn þróað fyrstu útgáfu af markaðssetrinu pro-



Davíð Lúðvíksson

„Samtök iðnaðarins veita aðildarfyrirtækjum sínum margvíslega þjónustu á sviði nýsköpunar og þróunar, sem m.a. miðar að því að auka aðgengi þeirra að fjármagni, þekkingu og samstarfi jafnt á innlendum sem alþjóðlegum vettvangi. Samstarfsvettvangur þróun, og markaðsmál hafa þegar sannað gildi sitt sem opin og árangursrík aðferð til að bæta þjónustu við fyrirtæki á tæknisviðum.“

ducts.is sem er vörusetur fyrirtækja.

Myndað hefur verið sérstakt norrænt samstarfsnet þeirra sem þjóna litlum og meðalstórum fyrirtækjum á þessu sviði en Norræni iðnaðarsjóðurinn samþykkti nýlega að veita styrk til að efla þetta samstarfsnet enn frekar auk þess að þróa markaðslegt samstarf á sviðinu.

Aðilar samstarfsvettvangsins eru auk Samtaka iðnaðarins Nýsköpunar-

sjóður atvinnulífsins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Rannís og Heilbrigðistæknifélag Íslands. Þessir aðilar hafa gert þriggja ára samstarfssamning um að standa að fjármögnun hans og rekstri til næstu þriggja ára eða samtals 15 milljónir á ári. Landspítali – háskólasjúkrahús leggur vettvanginum til aðstöðu og tengsl.

Samstarfsvettvangur um framleiðniaukandi aðgerðir

Starfsemi hins nýja vettvangs hófst á síðasta ári en auk Samtaka iðnaðarins standa Iðntæknistofnun Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nýsköpunarsjóður og iðnaðarráðuneyti að fjármögnun og framkvæmd hans.

Meginverkefni vettvangsins árið 2002 var að standa fyrir námskeiðum og átaksverkefni um aðferðafræði Microscope. Aðferðin styðst við gagnabanka sem ólík fyrirtæki geta hagnýtt sér til að skoða hvernig þau standa innan sinnar atvinnugreinar eða í samanburði við aðrar greinar.

Verkefnið fór vel af stað og nú þegar hefur góður hópur fyrirtækja bæði úr framleiðslu og þjónustu hagnýtt sér Microscope gagnagrunninn. Sá einfaldleiki og hraðvirkni, sem einkennir þessa aðferðafræði, virðist höfða vel til fyrirtækjanna. Flest þeirra hafa hafið markvissar umbótaaðgerðir á grundvelli þeirra niðurstaðna sem fengust úr mælingunum og stefna að því að endurtaka mælingar með jöfnu millibili og sum þeirra eru byrjuð á því.

Um þessar mundir er verið að hvetja fyrirtæki í tilteknum starfsgreinum til að gera samhliða mælingar m.a. með það að leiðarljósi að kortleggja sameiginlega veikleika fyrirtækja í greininni sem hagkvæmt gæti reynst að vinna sameiginlega að.

UMHVERFI OG ORKA

Lög um úrvinnslugjald

Í lok ársins voru samþykkt lög um úrvinnslugjald. Samtök iðnaðarins tóku verulegan þátt í undirbúningi laganna sem staðið nokkuð lengi. Umhverfisráðuneytið skipaði í ársbyrjun 2000 starfshóp sem var falið að fara yfir skuldbindingar Íslendinga á sviði endurnýtingar úrgangs og skoða hagrænar leiðir til að mæta þeim. Eitt af verkefnum var að skoða hvernig ætti að verða við kröfum um endurnýtingu umbúða. Niðurstaðan varð að færa út hugmyndina á bak við lög um spilliefnagjald fyrir fleiri vörflokkum.

Markmið laga um úrvinnslugjald er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

Í upphafi er tekið á samsettum pappaumbúðum, hjólbörðum, ökutækjum og rafhlöðum auk spilliefna. Úrvinnslugjald er lagt á ofangreindar vörur frá og með 1. janúar 2003. Í ákvæðum til bráðabirgða er kveðið á um að láta pappa- og plastumbúðir, heyrulluplast og veidarfæri úr gerviefnum falla undir kerfið í ársbyrjun 2004.

Úrvinnslugjald verður innheimt í tolli af innflutningi, gegnum vörgjaldskerfið af innlendi framleiðslu og með bifreiðagjaldi af ökutækjum. Gjaldið verður notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilagjalds. Við útflutning er úrvinnslugjald endurgreitt af gjaldskyldum vörum. Móttaka á samsettum pappaumbúðum, hjólbörðum og rafhlöðum á að hefjast 1. apríl 2003 og móttaka og greiðsla á skilagjaldi af ökutækjum á að hefjast 1. júlí 2003.



Ólafur Kjartansson

Úrvinnslusjóður

Sett verður upp stofnun, Úrvinnslusjóður, sem heyrir undir umhverfisráðherra, til að sjá um umsýslu gjaldsins og ráðstöfun þess. Samið verður við aðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða og verksamninga.

Umhverfisráðherra skipar formann stjórnar sjóðsins án tilnefningar en meðstjórnendur eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá Samtökum iðnaðarins, SVÞ Samtökum verslunar og þjónustu, Landsambandi íslenskra útgerðarmanna/Samtökum fiskvinnslustöðva og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins, mótastefnu og áherslur hans og gerir tillögur um nýja vörflokka og fjárhæð úrvinnslugjalds. Úrvinnslusjóður tekur yfir allar skyldur og skuldbindingar Spilliefnanefndar.

Pólyolverkefnið

Fyrirtækið IGP var stofnað í apríl 2001 um framleiðslu á pólyolum úr sykri. Fyrirhugað er að reisa 130 þúsund tonna verksmiðju hér á landi og nota jarðgufu við framleiðsluna. Markaður fyrir pólyol er stór en þau efni eru notuð í ýmsum iðnaði, s.s. efna-, plast-, matvæla- og lyfjaiðnaði.

Hluthafar í IGP eru bandaríska fyrirtækið IPCI sem í upphafi lagði til tæknina, Ískem ehf. sem er íslenskt þróunarfyrirtæki, Nýsköpunarsjóður, Hitaveita Suðurnesja, Samtök iðnaðarins, verkfræðistofurnar VGK og

Byggð og Fjárfestingarstofan – orkusvið / iðnaðarráðuneytið

Fyrir nokkrum árum kynnti Ískem iðnaðarráðuneytinu þessar hugmyndir um hagkvæmniathugun fyrir pólyolverksmiðju hér á landi byggða á verkfræðiskýrslu sem alþjóðlega verkfræðifyrirtækið Flour Daniels hafði unnið fyrir pólyolverksmiðjur í Bandaríkjunum og í Suður-Afríku. Niðurstöðurnar, sem voru jákvæðar, voru kynntar nokkrum fyrirtækjum í Evrópu sem sýndu málinu áhuga.

Niðurstöður lofa góðu

Áður hafði fjárfestingarfyrirtæki í Suður-Afríku fjármagnað tilraunaverksmiðju sem rekin var í samvinnu við IPCI og sykurframleiðenda í Suður-Afríku (TSB). Ýmsir erfiðleikar komu upp á þeim tíma og var rekstrinum hætt. IGP gerði samning við IPCI, IDC og TSB um að koma tilraunaverksmiðjunni aftur í rekstur til að sannreyna framleiðsluáferðina.

Samið var við verkfræðistofurnar, VGK og Byggð um rekstur tilraunaverksmiðjunnar. Þegar fyrsta áfanga verkefnisins lauk í mars 2002 lofuðu niðurstöður góðu. Á þessum tíma gerðu samstarfsaðilarnir fjórir með sér samning um eignarskiptingu í verkefniinu og fjármögnun á áfanga sem lýkur í mars 2003. Rekstur tilraunaverksmiðjunnar hefur gengið vel á árinu og eru niðurstöður betri en forsendur sem gengið var út frá. Stórt fyrirtæki í Suður-Afríku hefur undanfarið kynnt sér framleiðsluáferðina auk þess sem fyrirtæki í Kína hefur sýnt málinu áhuga með verksmiðju í Kína í huga.

Fyrirhugað er að aðilar pólyolverkefnisins stofni fyrirtæki um framleiðsluáferðina og öll réttindi tengd henni. Fyrirtækið verður vettvangur fyrir viðræður við fjárfesta og frekari þróun.

FJÖLBREYTT STARFSEMI Í NÝJU UMHVERFI

Iðnþing 2002

Iðnþing 2002 var haldið föstudaginn 15. mars. Vilmundur Jósefsson, framkvæmdastjóri Gæðafæðis, var endurkjörinn formaður. Meðstjórnendur til tveggja ára voru kosin þau Baldur Guðnason, Sjöfn hf./Mjöll hf., Halla Bogadóttir, Halla Boga gullsmíði og Hreinn Jakobsson, Skýrr hf. Fyrir í stjórninni voru þeir Eiður Haraldsson, Háfelli ehf., Hörður Arnarsson, Marel hf., Sverrir D. Hauksson, Gutenberg hf. og Theódór Blöndal, MÁLMI.

Þeir sex, sem voru næst því að hljóta kosningu í stjórn, settust í ráðgjafaráð SI.

Þeir voru: Birgir Snorrason, Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co., Friðrik S. Kristjánsson, Omega Farma ehf., Guðlaugur Adólfsson, Faetaki ehf., Gunnar Gissurarson, Gluggasmiðjunni hf., Magnús Ólafsson, Osta- og smjöröslunni sf., og Róbert Trausti Árnason, Keflavíkurverktökum hf.

Stjórnarfundir

Stjórn Samtaka iðnaðarins kom saman fimmtán sinnum árið 2002. Fjöldmörg mál voru á dagskrá hvers fundar enda í mörg horn að líta hjá stórum samtökum eins og Samtökum iðnaðarins. Stjórnin heimsótti í haust fyrirtækin Íslenska járnblendifélagið, Skagann og Sementsverksmiðjuna.

Ráðgjafaráð og stjórnir aðildarfélaga

Vel sóttur stefnumótunarfundur stjórnar og ráðgjafaráðs var haldinn 10. maí. Þar var farið yfir gildandi stefnu og hún endurskoðuð. Unnið var í hópastarfi á fundinum og tóku um 100 manns virkan þátt í því.

„Stöðugleiki í efnahagsmálum og starfsumhverfi er nauðsynlegur þróttmiklu atvinnulífi og skilyrði þess að erlendir fjárfestar vilji festa fé sitt á Íslandi. Það verður sífellt ljósara að íslenska krónan er íslensku efnahagslífi of dýrkeypt vegna hárra vaxta, óöryggis sem henni fylgir og neikvæðra áhrifa á erlendar fjárfestingar.“

Stjórn og ráðgjafaráð komu saman öðru sinni 28. nóvember. Á þeim fundi var gerð grein fyrir niðurstöðum úr stefnumótunaryvinnu fyrri fundarins og farið yfir með hvaða hætti stjórnin hafði unnið þeim málum framgang og hyggðist gera á næstunni. Þá var farið yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum og gerð grein fyrir nokkrum þingmálum m.a. um Tryggingardeild útflutnings, Úrvinnslusjóð og Útflutningsráð. Að síðustu kynnti Kristbjörg Stephensen nýjar innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

Auk funda stjórnar og ráðgjafaráðs

SI er kraftmikið starf, sem fer fram á fundum á vegum einstakra aðildarfélaga og starfsgreinahópa, kjölfestan í starfi Samtakanna. Þar fer fram mikilvægt grasrótastarf og þaðan koma m.a. margar hugmyndir og mál sem stjórn og starfsmenn SI vinna síðan úr og hrinda í framkvæmd.

Ályktun Iðnþings 15. mars 2002

Samtök iðnaðarins hafa mótað sér þá stefnu að rétt sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Rökin eru fyrst og fremst efnahagsleg og lúta að starfsskilyrðum fyrirtækja á Íslandi og lífskjörum almennings. Önnur mikilvæg rök varða fullveldi landsins og þátttöku við mótnun og töku ákvarðana sem snerta hagsmunum og framtíð þjóðarinnar á flestum sviðum.

Stöðugleiki í efnahagsmálum og starfsumhverfi er nauðsynlegur þróttmiklu atvinnulífi og skilyrði þess að erlendir fjárfestar vilji festa fé sitt á Íslandi. Það verður sífellt ljósara að íslenska krónan er íslensku efnahagslífi of dýrkeypt vegna hárra vaxta, óöryggis sem henni fylgir og neikvæðra áhrifa á erlendar fjárfestingar. Það er áhyggjuefni að við munum ekki njóta þess gengisstöðugleika og lægri vaxta sem keppinautar okkar innan ESB búa nú þegar við.

Samtök iðnaðarins hafa lagt sig fram um að kynna sér kosti og galla aðildar að ESB og tekið virkan þátt í evrópsku samstarfi um áratuga skeið. Þau hafa beitt sér fyrir umræðu og miðlun upplýsinga um þetta efni. Þau hafa einnig látið kanna viðhorf og vilja félagsmanna sinna og þjóðarinnar í þessum efnum með reglubundnum hætti.



Hulda G. Mogensen
gjaldkeri



Dagmar Elin
Sigurðardóttir
bókarí



María Hallbjörnsdóttir
félagatal



Þóra Guðmundsdóttir
símavarsla



Þóra Kristín Jónsdóttir
málfarráðgjöf,
fjölmiðlatengsl



Þóra Ólafsdóttir
útgáfumál

Niðurstöður allra þeirra kannana sýna að ótvíræður vilji félagsmanna Samtaka iðnaðarins og kjósenda er sá að teknar verði upp viðræður við ESB um aðild, að taka eigi upp evru og að aðild hafi jákvæð áhrif á efnahag Íslands. Því er ekki eftir neinu að bíða í þessum efnum.

Borgartún 35

Samtök iðnaðarins og flest eldri samtök atvinnurekenda í iðnaði hafa áratugum saman haft aðsetur sitt á Hallveigarstíg 1 sem ýmist hefur gengið undir nafninu Hús iðnaðarins eða Iðnaðarmannahúsið. Þetta hús hefur alla tíð verið óskipt eign Húsfélags iðnaðarins en undanfarin ár hefur eigendum fækkað mikið. Stærstu skrefin í þá átt voru annars vegar stofnun SI og hins vegar kaup SI á eignarhluta Meistarafélags húsasmíða og nokkurra annarra félaga. SI eiga nú 67% af húseigninni en næststærsti eigandinn er Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík sem á 21%.

Með stofnun SA á grunni VSÍ og VMS var um það samið að auka og bæta samstarf atvinnurekenda og koma á skýrari verkaskiptingu þeirra á milli. Líður í þessu samkomulagi var að samtökin öll skyldu stefna að því að flytja starfsemi sína á einn stað. Þetta hefur nú orðið að veruleika. Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtökin sjö eru nú öll til húsa í nýju og glæsilegu húsi í Borgartúni 35.

Auk samtakanna eru Útflutningsráð Íslands og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins til húsa í sömu byggingu. Samtök iðnaðarins eiga 4. hæð hússins og fluttu þangað starfsemi sína í júlí 2002. Húsnæðið er 555 fermetrar að stærð og því nálega 200 fermetrum minna en SI höfðu áður til umráða en nýttist vel. Almenn ánægja er með nýju húsakynninn sem þykja hafa tekist ákaflega vel og eru smekklegr og vel búin en án íbúðar.


Húsið var vígt 11. október og kom

þá mikill fjöldi gesta í heimsókn en áður hafði stjórn SI haft boð inni fyrir stjórnir aðildarfélaga og ráðgjafaráð.

Starfsmannamál

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins eru 21 og hefur fjöldi þeirra verið stöðugur undanfarin ár. Á síðastliðnu ári lét Ólafur Helgi Árnason, lögfræðingur, af störfum en Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur, var ráðin til starfa.

Skipurit Samtaka iðnaðarins



ÚTGÁFU- OG UPPLÝSINGASTARFSEMI



si.is



idan.is



ut.is

Útgáfu- og upplýsingastarf si.is

Aðalvefsetur Samtaka iðnaðarins, www.si.is, fékk andlitslyftingu á árinu. Upplýsingamiðlun á vefsetri Samtaka-anna hefur vaxið mikið undanfarin ár og Samtökin hafa lagt áherslu á að þróa vefsetrið og uppfæra.

Vefsetrið idan.is fær Starfsmenntaverðlaunin 2002

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að kynna íslenskan iðnað fyrir almenningi, ekki síst ungu fólki. Á Íðunni er að finna miklar og aðgengi- legar upplýsingar um iðnað, sögu, nýsköpun, umhverfismál og síðast en ekki síst um nám og störf sem tengjast iðnaði. Vel hefur tekist til með Íðuna og nýtur hún vaxandi vinsælda og virðingar. Til marks um það fengu SI Starfsmenntaverðlaunin 2002 fyrir Íðuna.

www.gsi.is

Samtök iðnaðarins hafa á síðastliðum fimm árum lagt mikla áherslu á að aðstoða aðildar fyrirtæki sín við að innleiða gæðastjórnun. Nú hafa Samtökin opnað vefsetrið www.gsi.is þar sem hægt er að fylgjast með þeim góða árangri sem SI eru að ná í innleiðingu gæðastjórnunar í iðnaðinum í samvinnu við ýmsa aðila.




products.is



mannvirki.is



gsi.is



meistarinn.is

SKRIFSTOFA ATVINNU- LÍFSINS Á NORÐURLANDI

Stóru sveiflurnar, sem oft verða í efnahagslífinu, ná seinna til fyrirtækja á landsbyggðinni en þeirra sem starfa á höfuðborgarsvæðinu. Þegar á mótum blæs verða fyrirtæki landsbyggðarinnar einnig seinna vör við þau áhrif. Þó fer ekki á milli mála að fyrirtæki á landsbyggðinni verða nú talsvert vör við andstreymið. Þar kemur hvort tveggja til að mörg stærri fyrirtækin sjá fram á erfiðleika vegna hækkunar á raungengi krónunnar en einnig að heldur hefur dregið úr framkvæmdum a.m.k. um stundarsakir.



Ásgeir Magnússon

Flutningskostnaður

Kostnaður við flutning á vörum og aðföngum hefur farið vaxandi og er orðinn mjög íþyngjandi þáttur í starfsemi flestra framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni. Hann er ein helsta orsök þess að mörg þeirra hafa orðið að draga saman seglin eða flytja sig um set. Mjög var þrýst á stjórnvöld að gefa þessu máli gaum. Vel var tekið í þá málaleitan og skipað nefnd fulltrúa þriggja ráðuneyta til að fara yfir það. Niðurstaða nefndarinnar liggur nú fyrir og hefur Bygðastofnun verið falið að fara yfir skýrsluna og gera tillögur til úrbóta. Vonandi líta þær sem fyrst dagsins ljós því að meðan ekkert er að gert búa framleiðslufyrirtæki á landsbyggðinni við mjög skerta samkeppnisstöðu.

Gæðastjórnun

Áfram hefur verið unnið markvisst að því að kynna fyrirtækjum á starfssvæði skrifstofunnar gæðastjórnunarkerfi SI og hefur áhugi á því farið vaxandi. Næsta skrefið er að kynna málið fyrir minni verkstökum, verkkaupum og hönnuðum og reyna þannig að tryggja að allt verkferli bygginga á svæðinu fylgi tilteknu gæðastjórnunarkerfi.

Akureyri og atvinnulífið

Skrifstofa atvinnulífsins gekkst sl. haust fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni Akureyri og atvinnulífið. Fengnir voru þekktir menn úr atvinnulífinu og þeir beðnir að svara ýmsum áleitnum spurningum um stöðu atvinnulífsins hver á sínu sviði. Ráðstefnan var mjög fjölsótt og fram komu margvíslegar ábendingar sem vert er að gefa gaum þegar horft er til stöðu atvinnumála á svæðinu.

Stóriðja

Vonandi er að rætast sá draumur að næsta vor verði af fullum krafti farið í að beisla þá miklu orku sem bundin er í fallvötnunum norðan Vatnajökuls og að jafnframt verði hafist handa við byggingu álvers í Reyðarfirði. Forráðamenn atvinnufyrirtækja á Norðurlandi ætla ekki að láta þetta tækifæri ganga sér úr greipum og nú er unnið að því að koma á fót samstarfsvettvangi fyrirtækja á svæðinu sem ætlað er að gera þeim kleift að takast á við einstök verkefni tengd þessum miklu framkvæmdum.

Almenn starfsemi

Almenn starfsemi skrifstofunnar hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi er lítil eining sem vill sinna þörfum félagsmanna Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins á sínu starfssvæði eins vel og kostur er.

„Kostnaður við flutning á vörum og aðföngum hefur farið vaxandi og er orðinn mjög íþyngjandi þáttur í starfsemi flestra framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni. Hann er ein helsta orsök þess að mörg þeirra hafa orðið að draga saman seglin eða flytja sig um set.“

RÁÐGJAFARÁÐ SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sex sem voru næst því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA. Eftir Iðnþing 2002 er ráðgjafaráðið þannig skipað:

Fulltrúar kosnir á Iðnþingi:

Birgir Snorrason, Braudgerð Kr. Jónsson & Co.

Friðrik S. Kristjánsson, Omega Farma ehf.

Guðlaugur Adólfsson, Fagtak ehf.

Gunnar Gissurarson, Gluggsmiðjan hf.

Magnús Ólafsson, Osta- og smjörsalan sf.

Róbert Trausti Árnason, Keflavíkurverktakar hf.

Mannvirkejagerð:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.

Friðrik Andrésón, Múrarameistarafélag Reykjavíkur

Haraldur Sumarliðason, byggingameistari

Haukur Magnússon, Íslenskir aðalverktakar hf.

Loftur Árnason, Ístak hf.

Sigurður R. Helgason, Björgun ehf.

Sigurður Sigurðsson, Malb.st. Hlaðbær - Colas hf.

Skarphéðinn Skarphéðinsson, Félag pípulagningameistara

Stefán Jónsson, Meistarafélag byggingamanna á N-landi.

Matvæla-, fíður- og drykkjarvöruiðnaður:

Eyjólfur Sigurðsson, Kornax hf.

Guðlaugur Björgvinsson, Mjólkursamsalan

Jakobína Sigurðardóttir, Móna ehf., sælgætisgerð

Úlfar Hauksson, Nýja Kaffibrennslan hf.

Málmiðnaður:

Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.

Ólafur Friðriksson, Skipalyftan ehf.

Þorgeir Jósefsson, Þorgeir og Ellert hf.

Þröstur Hafsteinsson, Þ.H. blikk hf.

Prent- og pappírsiðnaður:

Gunnar M. Árnason, Prenttækni hf.

Sigurður Bjarnason, Prentsmiðjan Viðey ehf.

Sveinbjörn Hjálmarsson, Umslag ehf.

Þorgeir Baldursson, Prentsmiðjan Oddi hf.

Þórleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjón Ó efh.

Örn Jóhannsson, Morgunblaðið Árvakur hf.

Húsgagna- og húsbúnaðiðnaður:

Anton Bjarnason, Glerborg ehf.

Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.

Stóriðja:

Gylfi Þórðarson, Sementsverksmiðjan hf.

Helgi Þórhallsson, Íslenska járnblendifélagið hf.

Kristján Björn Garðarsson, Kísiliðjan hf.

Rannveig Rist, Íslenska álfélagið hf.

Raf-, rafvinda- og hugbúnaðariðnaður:

Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.

Ingvar Kristinsson, Landsteinar Ísland hf.

Gúmmi-, plast-, efna-, fata- og leðurviðnaður:

Helgi Magnússon, Harpa hf.

Magni Örvar Guðmundsson,

Netagerð Vestfjarða hf.

Sigurður Bragi Guðmundsson, Sigurplast ehf.

Þjónustuiðnaður:

Leifur Jónsson, Skartís

NÝIR FÉLAGSMENN SI 2002

Hér eru taldir þeir félagsmenn sem eiga beina aðild að SI. Auk þessara hafa margir félagar bæst í hópinn hjá aðildarfélögum SI sem eru 26 talsins.

Gámaþjónusta Akraness ehf.

Akranesi

Þórður Árnason, húsmiðameistari

Kópavogi

Varmamót ehf.

Keflavík

Stjörnugrís hf.

Kjalarnesi

Litalíf ehf.

Keflavík

Esja ehf.

Reykjavík

Annata hf.

Reykjavík

Spuni ehf.

Reykjavík

Ostamaðurinn ehf. - Ostahúsið

Hafnarfirði

Hugur hf.

Kópavogi

Hreimur ehf.

Reykjavík

Ax hugbúnaðarhús hf.

Reykjavík

Gagarín ehf.

Reykjavík

Hópvinnukerfi ehf.

Kópavogi

Information Mangement Ísl ehf.

Reykjavík

NB Nýmiðlun ehf.

Reykjavík

Teymi ehf.

Reykjavík

Örn Guðmundsson, dúklagningameistari

Hveragerði